

# ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

ÍTR

b/t Ómars Einarssonar

Reykjavík 2. júlí 2018

Efni: Secret Solstice 2018.

Óskað hefur verið eftir ábendingum og athugasemnum varðandi tónlistarhátiðina Secret Solstice. Athugasemdir okkar hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur snúa aðallega að því það sé verið að setja svona stóran viðburð ofan í aðra viðburði sem hafa verið lengi á þessum tíma í Laugardalnum. Þá er ég að tala um Miðnæturhlaupið sem ÍBR stendur fyrir og svo útskrift Háskólans. Í fyrra urðu engir árekstrar en nú ákváðu tónleikahaldarar að færa sig yfir á þá helgi þar sem er mikið um að vera.

Tæplega 3.000 þátttakendur voru í Miðnæturhlaupinu og það gefur auga leið að út frá samgöngusjónarmiðum og plássí fyrir hlaupaleiðir sem m.a umlykja dalinn þá fer þetta illa saman. Þarna er bæði um að ræða árekstra við akandi sem og gangandi umferð. Sérstaklega var þetta slæmt á Reykjavegi þegar 5 km hlaupið fór þar um. Það hefði þurft að loka Reykjaveginum alveg til þess að tryggja öryggi allra. Auk þess varð okkur ljóst að við þurfum talsvert öflugri hljóðkerfi til að koma okkar upplýsingum á framfæri við þátttakendur á meðan við erum á sama tíma og tónleikar.

Til viðbótar erum við líka hugsi yfir áhrifum tónleikahaldsins á knattspyrnuvelli Þróttar. Þegar vellir eru skoðaðir kemur berlega í ljós að þeir fáu álagsstaðir þar sem sett var einhverskonar efni yfir koma miklu betur undan tónleikunum en þar sem það var ekki gert. Þegar þetta er skrifað, viku eftir að tónleikum er lokið er ekki búið að laga grasið.

Kveðja,  
f.h. ÍBR

Frímann Ari Ferdinandsson

Minnisblað vegna Miðbæjarathvarfs  
í tengsíum við tónlistarhátíðina Secret Solstice 21. – 24. júní 2018

Miðbæjarathvarf er samstarfsverkefni Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (frístundadeild), Velferðasviðs Reykjavíkurborgar og Löggreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Markmið starfsins er að vinna samkvæmt 92. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002, og 1. og 36. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Hlutverk þess er að stemma stigu við að börn séu eftirlitslaus úti eftir lögboðinn útvistartíma og að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna meðal barna og ungmenna.

Gönguhópar frá lögreglu og félagsmiðstöðvum voru starfandi á Secret Solstice hátíðinni í Laugardalnum alla hátíðina þ.e. frá 21. – 24. júní. Því til viðbótar var starfandi athvarf á svæðinu frá föstudagi til sunnudags. Þetta er annað árið sem þetta fyrirkomulag er við lýði nema að nú voru starfandi fleiri starfsmenn frá félagsmiðstöðvunum og athvarfið var staðsett á hátíðarsvæðinu sjálfu en ekki fyrir utan það eins og var á síðasta ári.

Athvarfið sjálft var staðsett í tjaldi við aðaltónleikasvæðið sem hátíðarhaldarar útveguðu. Sú aðstaða hentaði ekki nægilega vel. Athvarfið þarf upphitað húsnæði eða gám þar sem ekki blæs í gegn og hávaði er í lágmarki þannig að hægt sé að tala við unglingsana og hringja í foreldra. Það gæti hentað að hafa tjald á sambærilegum stað og þarna var, sem fyrstu móttöku fyrir unglingsa og þar fyrir aftan gám eða húsnæði sem væri þá aðeins lengra frá tónleikasvæðinu. Í því húsnæði væri hægt að vinna áfram með málin og hávaði frá tónleikunum minna truflandi. Einnig er nauðsynlegt að gönguhópar hafi afrep til að skýla sér fyrir veðri, ná í sig hita og nærast.

Á fimmtudeginum hafði lögreglan afskipti af tveimur unglingsum vegna ölvunar. Samtals komu 10 unglingsar undir 18 ára aldri í athvarfið hin kvöldin, öll undir áhrifum vímugjafa og sum verulega ölvuð og hjálparvana. Í athvarfið komu einnig 6 einstaklingar eldri en 18 ára sem þurftu aðstoð vegna mikillar ölvunar. Allt of mörgum unglingsum var vísað í athvarfið vegna mála sem var ekki starfsmanna athvarfsins að leysa, s.s. mál er vörðuðu gæslu á svæðinu, m.a. vegna rangra armbanda.

Gönguhópar sinntu einnig unglingsum á hátíðarsvæðinu án þess að færa þau í athvarf þar til hátíðarsvæðinu var lokað, auk þess voru þeir fyrir utan Laugardalshöllina eftir að tónleikagestir færðu sig þangað yfir.

Margir ungligar voru á hátíðarsvæðinu sem höfðu ekki aldur til að vera þar nema í fylgd með foreldrum eða forsjámonnum sem þau voru ekki og tölувert af unglingum undir 18 ára aldri voru undir áhrifum vímugjafa og/eða með áfengi um hönd sem virtist keypt inni á hátíðarsvæðinu. Margir ungligar undir 18 ára aldri voru með armbönd að svæðinu sem ætluð voru 20 ára og eldri og því gátu þau keypt áfengi inni á hátíðarsvæðinu. Það voru allt of fáir aðilar hátíðarinnar í gæslu á svæðinu.

Afhending armbanda til tónleikagesta var ekki ásættanleg, þar sem ekki þurfti að sýna skilríki þegar armbönd voru afhent. Eins voru margir sem komust inn á hátíðina á miðum sem keyptir voru á nafni annarra. Það er því undirrituðum ljóst að hátíðarhaldarar réðu ekki við þennan þátt þó þeir hafi reynt að bregðast við ábendingum þegar leið á hátíðina. Áfengi var selt án þess að fólk sýndi fram á aldur sinn. Eins var áfengi selt í óopnuðum umbúðum, t.d. bjór í lokuðum dósum og margir fóru með heilu kippurnar með sér af barnum.

Mikið var um að vera hjá lögreglu á tónlistarhátíðinni og var það helst vegna ölvunar, slagsmála og vímuefnamála. Upp komu hátt í 90 vímuefnamál í kringum hátíðina og vörðuðu nokkur þeirra unglings undir 18 ára aldri. Nokkuð var um slagsmál á hátíðarsvæðinu og fyrir utan svæðið eftir að tónleikahaldi lauk. Unglingar undir 18 ára aldri áttu þar hlut að máli. Samtals sinnti lögreglan 9 líkamsárasarmálum á hátíðinni og 15 aðilar voru handteknir og vistaðir sökum ástands þeirra.

Secret Solstic hátíðin eins og hún fór fram núna var ekki í anda forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og þess góða árangurs sem náðst hefur í forvarnarstarfi sl. ár. Á hátíðinni voru skapaðar kjöraðstæður fyrir ýmis konar áhættuhegðun s.s. áfengis- og vímuefnaneyslu og ofbeldi og því ekki hægt að mæla með að hátíðin fari fram í sömu mynd að ári. Það er mat undirritaðra að ef þessi tónlistarhátíð verður að ári verði hún haldin með 20 ára aldurstakmarki. Börn og ungligar eiga ekki erindi á hátíð þar sem heimilt er að neyta áfengis á öllu svæðinu. Ef áfram verður miðað við 18 ára aldurstakmark leggur hópurinn til að á hátíðinni verði afgirt svæði þar sem selt er áfengi og að einungis á því svæði megi neyta áfengis, eins og gert er á sambærilegum hátíðum erlendis.

5. júlí 2018

Andrea Marel Þorsteinsdóttir, Tjörnin, frístundamiðstöð  
Guðmundur St. Sigmundsson, Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu  
Guðrún Halla Jónsdóttir, Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness  
Rafn Hilmar Guðmundsson, Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu  
Þórhildur Ráfns Jónsdóttir, Kringlumýri, frístundamiðstöð

Reykjavík 4. júlí 2018

## Ábendingar frá frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar vegna Secret Solstice (SS) 2018

Starfsfólk félagsmiðstöðva úr öllum frístundamiðstöðvum borgarinnar starfaði í gönguhópum inni á SS öll fjögur kvöld hátíðarinnar og tók þátt í athvarfsvöktum ásamt velferðarsviði og lögreglu. Á hverju kvöldi SS voru átta starfsmenn félagsmiðstöðva starfandi þar í tveimur gönguhópum. Tengiliðir frístundamiðstöðvanna við skipuleggjendur SS vilja koma eftirfarandi ábendingum til borgaryfirvalda.

Fyrirkomulag miðasölu var með þeim hætti að það olli strax miklum vanda en ekki var óskað eftir skilríkjum þegar miðar voru sóttir á fyrsta degi SS. Þetta varð til þess að mikið af unglungum undir 18 ára aldri, sem ekki voru í fylgd forráðamanna, komust án vandkvæða inn á hátíðina. Því miður virtust foreldrar ekki nægilega meðvitaðir um þær reglur sem áttu að gilda. Samkvæmt heimasíðu hátíðarinnar áttu börn yngri en 18 ára ekki að komast inn nema í fylgd 20 ára og eldri. Misvísandi skilaboð voru þó á heimasíðunni og á aðgangsmiða þar sem einnig var gefið til kynna að forráðamann (legal guardian) þyrfti til. Ekki var gerð krafa um skráningu á kennitölu við miðakaup – eingöngu fæðingardag og ár sem ekki þurfti svo að staðfesta með gildum skilríkjum (s.s. vegabréf eða ökuskríteini) þegar miði var sóttur.

Starfsfólk SS óskaði eftir skilríkjum í kjölfar athugasemda frá gönguhópum, að einhverju marki var það gert á föstudeginum en þó aðallega á laugardegi og sunnudegi. Nauðsynlegt er að tenging sé í miðasölukerfi á milli miðakaupanda undir 18 ára við forráðamann ef reglur af þessu tagi eiga að gilda. Einnig þarf að vera mjög skýrt hvernig starfsfólk SS á að bregðast við ef ekki er farið eftir þessu. Mikið virtist af armböndum í umferð sem ekki voru skilgreind niður á nöfn, s.s. armbönd sem styrktar- og samstarfsaðilar fengu til að dreifa.

Armbönd voru skilgreind þannig að hátíðargestir 20 ára og eldri fengi sérstaklega merkt armbönd (20+) en þeir sem voru yngri fengu armbönd sem merkt voru -20. Því miður virtust börn allt niður í 11 ára vera að fá armbönd sem merkt voru 20+ og skiptu þau tilfelli tugum. Með þessum armböndum opnaðist aðgangur að áfengissölu og inn á svæði sem eingöngu var ætlað eldri gestum. Upphaflega átti ekki að vera aðgangur inn í HEL nema fyrir 20+ en skipuleggjendur SS töku ákvörðun eftir að hátíðin hófst að lækka aldurstakmarkið niður í 18 ár. Ekki fengust skýringar á þessum breytingum.

Hlutverk starfsfólks félagsmiðstöðva á SS er að tryggja öryggi og vera til staðar fyrir unglunga undir 18 ára aldri sem eru ekki í fylgd forráðamanna. Þetta starfsfólk hefur ekki inngrípsvald og getur þ.a.l. ekki gripið inn í neyslu unglings á vímugjöfum eða sannreynt aldur eða gild armbönd. Starfsfólk SS virtist óruger um verklag þegar slík mál komu upp og starfsfólk félagsmiðstöðva var oft gert ábyrgt fyrir slíkum málum sem skapaði vanda í samskiptum við unglungana. Eftir hátíðina er starfsfólk félagsmiðstöðva að upplifa neikvæð viðbrögð frá ákveðnum unglingahópum vegna mála sem átti ekki að vera í þeirra verkahring að leysa á SS. Það að gestir séu að fara eftir reglum hátíðarinnar, s.s. að virða aldurstakmörk og áfengislöggjöf, er að öllu leyti á ábyrgð starfsfólks SS.

Í samanburði við hátíðina 2017 var neysla vímugjafa mun sýnilegri í ár hjá unglungum yngri en 18 ára. Veip er orðið gríðarlega áberandi hjá þessum aldurshópi og inni á svæðinu var verið að gefa veipvökva sem innihélt nikótín sem merktur var ákveðnu fyrirtæki. Það er því

miður tilfinning gönguhópanna að með hátíðinni sé verið að skapa kjöraðstæður fyrir áhættuhegðun unglings. Starfsmenn SS voru ekki með sýnileg inngríp vegna neyslu unglings á hátíðinni eða að bregðast við áberandi ölvun eða mikillar vímu ákveðinna hátíðargesta fyrir en komið var í algjört óefni hjá viðkomandi. Það virtist vera vinnuregla að ef gestur gat ennþá staðið í fæturnar væri ekki ástæða til að grípa inn í.

Gönguhópur félagsmiðstöðvastarfsmanna gerði athugasemd við skort á gæslu á því svæði þar sem vitað var að unglings myndu safnast saman á laugardagskvöldinu vegna tónleikadagskrár þar. Þetta varð til þess að neysla unglings var þar áberandi og mikið um stimpingar og slagsmál. Einn flytjandi þurfti að gera hlé á sínum tónleikum til að reyna að stöðva slagsmál í þvögu fyrir framan sviðið. Þarna mátti sjá börn án forráðamanna allt niður í 5-6 ára gömul – forráðamenn voru þá líklega staddir á öðru tónleikasvæði innan SS.

Mælst er til að rjóður og dimm gróðursvæði inni á svæðinu séu girt af til að koma í veg fyrir að þar líði fólk út af í annarlegu ástandi án þess að starfsfólk á SS verði þess vart eða að önnur óæskileg hegðun eigi sér þar stað.

Mikil hópamyndun og hátt spennustig skapaðist við lokun á svæðinu á hverju kvöldi. Gestir söfnuðust þá saman á bílastæði við KSÍ, á grænum svæðum við aðallinngang og á nærliggjandi götum. Gestir héldu þarna gleðinni áfram og þar var áfengis- og vímuefnaneysla áberandi fram eftir nótta. Þessi sömu svæði voru einnig notuð til áfengis- og vímuefnaneyslu fyrir hátíðina og á meðan á henni stóð.

Fyrirfram var gert ráð fyrir að fulltrúar löggreglu væru hluti af gönguhópum ásamt starfsmanni frá SS. Því miður var löggreglan ekki tilbúin að sjá af löggreglubjónum í þetta verkefni þegar til kom. Starfsfólk frá SS var greinilega að sinna mörgum hlutverkum á sama tíma og gat því aðeins að hluta til starfað með gönguhópum.

Fulltrúar frístundamiðstöðva voru í miklum og góðum samskiptum við skipuleggjendur SS og fyrir hátíðina var búið að koma mörgum ábendingum áleiðis vegna reynslu síðustu ára auk þess sem haldinn var uppgjörsfundur eftir að SS lauk. Í ár var vilji til samstarfs og til úrbóta einnig til staðar á meðan á hátíðinni stóð en því miður voru brotalamir of margar strax í upphaf varðandi skipulag og framkvæmd sem erfitt reyndist að bæta úr.

SS, eins og viðburðurinn gekk fyrir sig að þessu sinni, er ekki til þess fallin að styðja við það forvarnarstarf sem starfsfólk félagsmiðstöðva er stöðugt að sinna í sínum störfum með unglungum. Með íslenska módelinu hefur náðst góður árangri í að draga úr ungingadrykkju og vímuefnaneyslu og frístundamiðstöðvar og starfsfólk félagsmiðstöðva vill að Reykjavíkurborg standi vörð um þann góða árangur.

*Fyrir hönd frístundamiðstöðva í Reykjavík,*

Andrea Marel, deildarstjóri unglingastarfs í frístundamiðstöðinni Tjörninni

Þórhildur Rafns Jónsdóttir, deildarstjóri unglingastarfs í frístundamiðstöðinni Kringlumýri

## **Helga Björnsdóttir**

---

**Frá:** Ómar Einarsson  
**Sent:** miðvikudagur, 8. ágúst 2018 13:47  
**Til:** Helga Björnsdóttir  
**Efni:** FS: Tónleikar

Sæll

Allt gekk með ágætum hjá okkur í Grasagarðinum. Starfsfólk Grasagarðsins skipti með sér vöktum til að opna og loka hliðum garðsins. Öryggisverðir á vegum hátíðarinnar komu og sinntu næturvörslu í lokuðum garðinum. Öll samskipti við tónleikahaldara voru með ágætum. Eins og fyrri ár urðum við vör við notkun og sölu ólöglegra fíkniefna í dalnum þegar við komum og lokuðum garðinum. Í ár var það þó í mun minna mæli inni í sjálfum Grasagarðinum en áður og mun minna í vikunni fyrir hátíðina en áður.

Með kveðju

Hjortur Þorbjörnsson  
Director / Forstöðumaður  
Hortus Botanicus Reykjavicensis / Grasagarður Reykjavíkur  
Tel: +354 411 8651, Mobile: +354 692 1645 [hjortur.thorbjornsson@reykjavik.is](mailto:hjortur.thorbjornsson@reykjavik.is)  
<http://www.grasagardur.is/>  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur  
Skrifstofa náttúru og útvistar  
<http://www.umhverfissvid.is/>

## Helga Björnsdóttir

---

**Frá:** Ómar Einarsson  
**Sent:** miðvikudagur, 8. ágúst 2018 13:46  
**Til:** Helga Björnsdóttir  
**Efni:** FS: Tónleikar

Sæll Ómar,

Í heildina gekk SS 2018 hér hjá okkur í höllinni vel, við bættum í starfsmanna hlutann hjá okkur til að halda húsi og nærumhverfi í lagi enda um mjög stórir og langir dagar í álagi hér í höllinni 4. – 25. júní. Uppsetningarvinna hófst í húsinu þann 4. júní vegna tónleika Jersey J. sem fór fram þann 6. júní og síðan vegna landsleik HSÍ í handbolta sem fram fór þann 13. júní fyrir fullu húsi í fyrsta sinn í nokkur ár, við tók síðan undirbúnингur útskriftar HÍ og skráningar í miðnæturhlaup ÍBR sem fór fram á fimmtudagskvöldið 21. júní og þá um kvöldið tók við fyrsta opnunarkvöldið hjá Secret Solstice hér innan dyra. Á föstudagskvöld tók síðan við mikið partý SS manna fram eftir nóttu og á laugardagsmorgun hófst fyrri útskrift HÍ þann daginn þannig að mikið álag var að láta alla þætti ganga upp milli aðila. Allir starfsmenn stóðu sig mjög vel í að tryggja að HÍ fólk kæmi að húsi eins og ekkert hafi verið í gangi þá um nóttina og með aðstoð hreinsibíla og þrifagengis frá SS fólk teljum við að það hafi gengið upp því ekki komu neinar verulegar umkvartanir sem ekki var hægt að bæta úr strax. HÍ hvar síðan með aðra útskrift eftir hádegi og má segja að vel hafi tekist til í að halda virðuleika útskriftarinnar. Það má hrósa Agli hjá Secret Solstice sem var mjög öflugur í að aðstoða okkur með hljóðburð frá útisvæði og að virkja sitt fólk. Á laugardagskvöld var síðan líklega stærsti dagurinn hjá tónlistarhátiðinni í fjölda í húsinu og ekki minkaði álag við það. Á sunnudeginum „hinum blauta“ var aðeins rólegri í húsinu og fór að mestu vel fram, starfsmenn hallarinnar tóku vel á því að gæta að umhverfi hallarinnar væri í lagi þegar nágrannar kæmu til vinnu á mánudag og vona ég að það hafi gegnið upp.

Í stuttu máli má segja að skipulag Secret Solstice hafi gengið upp gagnvart Laugardalshöll þó svo við séum að vinna í nokkrum frágangsmálum sem hafa dregist hjá þeim.

Gera má ráð fyrir að 45 þúsund mans hafi heimsótt höllina frá 4. júní til dagsins í dag

Birgir Bárðarson  
framkvæmdastjóri ISH

Póstur: [birgir@ish.is](mailto:birgir@ish.is)  
Sími: 585 3313 - Gsm: 897 9400



Íþróttahallarinnar  
Engjavegi 8 - 104 Reykjavík  
Tel: +354 - 585 3300 - Fax: +354 - 585 3301  
[www.ish.is](http://www.ish.is) - [ish@ish.is](mailto:ish@ish.is)

## Helga Björnsdóttir

---

**Frá:** Ómar Einarsson  
**Sent:** miðvikudagur, 8. ágúst 2018 13:24  
**Til:** Helga Björnsdóttir  
**Efni:** FS: Secret Solstice



Ómar Einarsson  
Sviðsstjóri  
Íþróttar- og tómstundasvið Reykjavíkur  
Borgartún 12-14

Sími 411 5000  
[omar.einarsson@reykjavik.is](mailto:omar.einarsson@reykjavik.is) [www.itr.is](http://www.itr.is) · [Meðferð tölvupósts / Disclaimer](#)

**Frá:** Lilja Una Óskarsdóttir <[liljauna@gmail.com](mailto:liljauna@gmail.com)>  
**Sent:** föstudagur, 29. júní 2018 13:56  
**Til:** Ómar Einarsson <[omar.einarsson@reykjavik.is](mailto:omar.einarsson@reykjavik.is)>  
**Efni:** Secret Solstice

Góðan daginn,

ég bý á Laugarásvegi 2 A og varð fyrir miklu ónæði vegna hávaða ásamt öllu því fólki sem býr í nágrenni við dalinn vegna nýliðinna hátíðahalda á ykkar vegum.

Við vorum bókstaflega í gíslingu vegna hávaða 12 klst á dag í 3 daga auk 4 klst á fimmtudagskvöldinu. Það var varla hægt að tala saman eða hlusta á útvarp og sjóvarp fyrir hávaða.

Þetta hefur að okkar mati þróast úr smá hátí á afmörkuðum stað í dalnu upp í þessi ósköp þar sem dalurinn er meira og minna undirlagður í marga daga með takmörkuðu aðgengi fyrir allt það fólk sem nýtir dalinn daglega til útvistara og hreyfingar.

Mér finnst brotið freklega á rétti okkar um friðhelgi á eigin heimili og að þessi hátíð eigi alls ekki heima í miðju íbúðahverfi.

Aðrir hafa tjáð sig um unglingsdrykkjuna og óþverran sem fylgir þessu út um hverfið, aðallega á leik og skólalóðum. Gestir okkar allra á tjaldstæðinu urðu að sjálfsögðu fyrir mjög miklu ónæði.

Að ónefndu álaginu á gróðurinn á svæðinu.

Vona að þið finnið ykkur heppilegri stað fyrir þessi óskö einhversstaðar annarsstaða þar sem ekki er freklega gengið á rétt fólk til að fá frið á eigin heimili.

Kv. Lilja Óskarsdóttir

26. júní 2018

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og aðrir sem málið varðar

Ég Guðný Helga Gunnarsdóttir íbúi að Laugarásvegi í 17 í Reykjavík sendi hér með formlega kvörtun til allra þeirra sem koma að umræðu og ákvarðanatöku um það að leyfa Secret Solstice hátíðina í Laugardal.

Kvörtun míin lítur aðallega að hávaða frá hátíðinni en ég sem skólamanneskja sem ber hag barna fyrir brjósti tek einnig undir allar þær kvartanir og athugasemdir sem fram hafa komið varðandi öryggi barna og ungmenna á hátíðinni og neyslu og aðgengi að áfengi og fíkniefnum.

Heimili mitt er innan við 300 metra í beinni loftlinu frá stóra sviðinu á Valbjarnarvelli. Hávaðinn sem berst þaðan gerir það að verkum að það er ólít á heimili mínu og engan veginn hægt að vera heima meðan á tónlistarflutningi stendur. Ég bar fram kvörtun fyrsta skiptið sem hátíðin var haldin og hef reynt að haga því þannig til að vera ekki heima þessa daga sem hátíðin er síðan þá. En nú hefur aðalsviðið verið flutt mun næra. Það er algjörlega ósættanlegt að verða að flýja að heiman í þrjá og hálfan sólarhring á ári hverju. Það er greinilegt að fjölmargir af nágrönnum mínum fara að heiman þó fæstir vilji láta það koma fram vegna öryggissjónarmiða en hér býr líka fólk sem á ekki heimangengt.

Tónleikahaldarar halda því fram að hljóðkerfi séu svo fullkomin að tónlistin berist bara til tónleikagesta en viðurkenna að bassinn heyrist víðar. Það er að sjálfsögðu ekki rétt en bassinn er það sem erfiðast er að búa við. Í ár hentaði mér mjög illa að fara að heiman þessa daga og var að hluta til heima fimmtudagskvöld og þá staðfestist hversu óbærilegt þetta er og enn verra var þetta á sunnudagskvöld þegar ég kom heim aftur. Það er mikil þversögn í því hjá tónleikahöldurum að vera ekki með tónlistarflutning á stóra sviðinu meðan á leiknum stóð á föstudag af tillitssemi við nágranna. Ef eitthvað er hægt að gera við þennan hávaða þá er það að horfa á fólboltaleik.

Það ætti að vera hverjum sem er alveg ljóst að tónlistarhátíð af þessari stærðargráðu á ekki heima í svona mikilli nálægð við íbúðahverfi og í einu aðal útvistasvæði borgarinnar. Það var dapurlegt að ganga um Laugardalinn á manudag og sjá þær skemmdi á gróðri sem orðið hafa. Einkum var áberandi hve miklar skemmdir voru umhverfis göngustíga sökum þess að um þá aka stórvirkar vélar og sendibílar. Ég hygg líka að fótboltavellirnir sem voru lagðir undir þetta verði lengi að jafna sig.

**Ég hvet enn og aftur alla sem koma að ákvarðanatöku að stöðva þessa hátíð á þessum stað. Svona hátíð á ekki heima í viðkvæmu umhverfi Laugardalsins og í svo miklu nábýli við heimili fólks. Allar yfirlýsingar um að þessi hátíð sé haldin í góðri sátt við íbúa eiga ekki við nein rök að styðjast.**

Guðný Helga Gunnarsdóttir  
Laugarásvegi 17, 104 Reykjavík

júní 2018

# Vegna tónleikahátiðar Secret Solstice í Laugardalnum

Umsögn frá stjórn foreldrafélags Laugalækjarskóla

## Efnisyfirlit

Umsögn stjórnar foreldrafélags Laugalækjarskóla vegna Secret Solstice hátíðarinnar sem haldin var 21.-24. júní. 2018 í Laugardal.....	3
Það sem var mjög ábótarvant og ekki náðist að tryggja: .....	3
Áfengi:.....	3
Öryggismál .....	4
Greinargerðir foreldrarörlts 21.-24. júní 2018 .....	6
Fimmtudagskvöld.....	6
Föstudagskvöld .....	6
Laugardagskvöld .....	8
Sunnudagskvöld .....	9
Ályktun stjórna foreldrafélaga Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla vegna Secret Solstice tónlistahátiðar .....	10
Fylgiskjal 1, bréf frá foreldrafélögum í leik- og grunnskólum við Laugardalinn .....	11
Svarbréf Secret Solstice vegna kröfu foreldrafélaga .....	13
Fylgiskjal 2, netþóstar frá viðburðastjóra .....	15
A .....	15
B .....	16
C .....	16
Fylgiskjal 3, heitu svæðin í hverfinu og staðir þar sem löggæsla átti að vera. ....	18
Fylgiskjal 4 , greinargerðir frá foreldrarölti í júní 2017 .....	19
Fylgiskjal 5, ályktun stjórna foreldrafélaga Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla vegna Secret Solstice ...	22

Umsögn stjórnar foreldrafélags Laugalækjarskóla vegna Secret Solstice hátíðarinnar sem haldin var 21.-24. júní. 2018 í Laugardal.

Í framhaldi af Secret Solstice hátíðinni sem fram fór í júní 2017 sendu foreldrafélögir í leik- og grunnskólum við Laugardalnum bréf til allra þeirra sem standa að eða koma að leyfum vegna tónleikahátíðarinnar, sjá fylgiskjal 1. Ástæða þess voru ábendingar frá foreldrum sem höfðu tekið þátt í foreldrarölti og skrifað greinargerð um hvað þau sáu, sjá fylgiskjal 4. Í kjölfarið var fundað nokkrum sinnum með forsvarsmönnum Secret Solstice, foreldrafélagi Laugalækjarskóla og hverfisráði í Laugardal ásamt því að fjöldinn allur af netþóstum fór manna á milli. Lögð var áhersla á af hálfu foreldrafélagsins að þau svæði sem eru fyrir utan girðingar og opin leiksvæði hverfisins væru örugg fyrir börn og ungmenni í hverfinu á meðan á hátíðinni stæði þar sem þessi atriði voru alls ekki við hæfi barna og unglings í hverfinu. Hátíðarhaldarar skuldbundu sig til að sjá um þetta og ætluðu að hafa samband við Reykjavíkurborg og aðra sem hafa með þessa hluti að gera og taka þátt í skipulagningu og þrifum á meðan Secret Solstice tónleikarnir væru í Laugardalnum. Þrátt fyrir fögur fyrirheit tókst skipuleggjendum ekki að standa við þau atriði sem samið var um.

Það sem tókst að tryggja var:

- aukin löggæsla á og við hátíðarsvæðið,
- að þrífa hátíðarsvæðið reglulega til að forðast sóðaskap og fjölgatruslafötum og flokkunartunnum innan svæðis,
- að skýrt væri hver hefði aldur til að kaupa áfengi, sbr. ólík armbönd við miðakaup þar sem kemur fram hvort tónleikagestur sé á lögaldri og geti því keypt áfengi, 20 ára eða eldri. Þetta reyndist aðeins vera formsatriði þar sem auðvelt var að komast hjá þessari gæslu.
- Við miðakaup og afhendingu armbanda þurfti hver gestur að sýna skilríki með kennitölu og mynd. Aðeins þannig fengi hann afhent armband. Þessu var ekki fylgt eftir.
- að hengja upp skilti, ca. A3-stærð, sem nemendur í 2. og 3. bekk myndskreyttu með orðsendingum til tónleikagesta um að ganga vel um hverfið. Skiltin voru hengd upp við Laugarneskóla.

Það er vissulega gott að ofangreindra atriða var gætt en ekki var staðið við fjölmörg önnur mikilvæg atriði er varða heilsu og velferð barna og unglings í hverfinu þrátt fyrir loforð, sbr. fylgiskjali 2 sem snýr að netsamskiptum viðburðastjóra við þá sem sóttu áðurnefnda fundi.

Það sem var mjög ábótarvant og ekki náðist að tryggja:

Áfengi:

- Ekki náðist að tryggja með mismunandi merkingum armbanda að ungt fólk og unglings undir lögaldri fengju ekki afhent armbönd með viðeigandi merkingu sem gerði að verkum að þau gátu keypt áfengi innan tónleiksvæðisins, sbr. fjölmíðla og fjöldann allan

af netþóstum og skilaboðum sem foreldrafélaginu bárust um frásagnir þess eðlis. En þar komu fram þær upplýsingar að auðvelt hefði verið að fá einhvern með aldur (20+) til að kaupa nokkur armbönd út á eigin kennitölu, sækja þau og staðfesta aðeins sinn lögaldur. Þar með var komist hjá því að láta kennitölu, skilríki og armband staðfesta að viðkomandi væri með aldur til að kaupa áfengi inn á svæðinu.

- Ekki var tryggt að ungmanni undir tvítugt hefðu ekki aðgang að áfengissölu innan svæðis, sbr. áfengislög nr. 75/1998. Tónleikahaldarar höfðu látið gera mismunandi armbönd fyrir hátíðargesti, eitt fyrir þá sem voru undir tvítugu og annað fyrir þá gesti sem náð hafa 20 ára aldurstakmarki. Brotalöm reyndis þó vera á þessu þar sem ungmönnum undir 20 ára voru afhent armbönd merkt 20+. Það gaf þeim færi á því að versla sér áfengi þar sem lítil sem enginn athugun fór fram við afhendingu áfengis þrátt fyrir að vitað væri að sumir gestir hefðu fengið vitlaus armbönd. Því gátu ungmenni undir aldri keypt sér áfengi þrátt fyrir að vera með réttu armböndin.

Öryggismál:

- Ekki tókst að tryggja að engin ungmenni undir lögaldir færu inn á svæðið nema í fylgd með ábyrgðarmanni. Þetta var gert að einhverju leyti en ekki þannig að fullnægjandi mætti teljast.
- Skólalóð Laugarnesskóla var ekki örugg fyrir börnin í hverfinu eins og samþykkt var. Skipulögð vakt átti að vera á skólalóðinni frá kl. 16-24 alla dagana með einum öryggisverði. Þetta var ekki framkvæmt þrátt fyrir mikla áherslu á að leikvæði væru hættusvæði vegna tíðrar fíkniefnasölu og drykkuskapar með tilheyrandi sóðaskap og hættu fyrir börnin. Ungmennni héldu til að leiksvæðum. Tæki og tól til fíkniefnaneyslu voru skilin þar eftir og gluggar brotnir í Laugarneskóla.
- Tónleikahaldara samþykktu að hafa two lögreglumenn á mótorhjólum sem áttu að fara reglulega um þau svæði sem skilgreind voru sem *heit svæði*, sjá fylgiskjal 3. eða svæði þar sem fólk hefur verið að safnast saman á síðustu hátíðum. Þessi svæði voru m.a. leikvellir, bílastæði skólanna, leikskóla- og skólalóðir næst tónleikasvæðinu. Löggreglubifreið sást fara um þau svæði en ekki reglulega eins og talað var um. Löggreglan átti í fullu í fangi með að sinna svæðunum næst hátíðarsvæðinu og gat því lítið skoðað þessi skilgreindu *heitu svæði*. Þessu var lofað alla dagana frá kl. 16-24 en ekki var hægt að tryggja að leiksvæði barnanna í hverfinu væru vöktuð alla dagana.
- Ekki tókst að hafa starfhæfa opna símalínu þar sem átti að vera hægt að tilkynna óæskilega hegðun eða atvik í hverfinu eða annað sem tengdist hátíðinni. Þetta var ekki gert. Ekki var heldur hægt að senda netþóst á viðburðastjóra þar sem kom í ljós að sjálfvirk svörun var hafði verið virkt og tilkynnt að mikil seinkun væri á svörum við pósti þar sem að viðkomandi væri svo upptekinn þessa helgi.
- Ekki tókst að tryggja að íbúar fengju næði eftir miðnætti. Tónleikagestir lögðu enn og aftur leið sína inn í hverfið eftir að skipulögðum tónleikum lauk. Áframhaldandi skemmtanahaldi, ónæði og neysla var eins og síðustu ár að mati foreldra á foreldrarölti. Átti meðal annars að að stýra fólkstraumnum upp að Suðurlandsbraut en ekki inn í

hverfið. Sett voru upp grindverk sem áttu að stýra því að fólk færi ekki inn á KSÍ-stæðin en aðalútgangurinn var einmitt beint í áttina að bílastæðunum þar sem að grindverkin höfðu verið færð til og leiðin því greið inn á stæðin. Þetta atriði var mjög skýrt í samtöllum við tónleikahaldara.

- Tónleikahaldarar ætluðu að sjá til þess að bílastæðin við KSÍ yrðu ekki opin fyrir tónleikagesti. Okkur var síðan sagt þegar við þrýstum á svar við því af hverju þessu var ekki fylgt eftir, þ.e eftir að tónleikahaldið hófst, að ákveðið hefði verið að hálfu Reykjavíkurborgar að gera það ekki. Því voru stæðin opin með tilheyrandi skottpartíum, áfengis- og fíkniefnaneyslu, sölu fíkniefna, slagsmálum og tilheyrandi sóðaskap, hávaða og fjölmenni eftir að tónleikahaldi lauk hvert kvöld. Þetta er ekki boðlegt.
- Gæslan á svæðinu við bílastæðin var áhrifalítil og með ekkert framkvæmdarvald til að reka fólk í burtu eftir að tónleikasvæðið hafði verið rýmt. Löggæslan á svæðinu hafði þá færst inn í Laugardalshöll og því þurfti að kalla til lögreglu þegar þörf var á aðstoð. Mikil mannfjöldi, bílapartí/skottpartí, neysla og tónlist.
- Ekki var framfylgt loforði um að allt hverfið væri þrifið jafnóðum, sérstaklega snemma á hverjum morgni með sérstöku tilliti til leiksvæða barna á leik- og skólalóðum. Þetta var ekki gert, eins og áður sagði. Glerbrot og áhöld til fíkniefnaneyslu voru á lóð við Laugarnesskóla og í beðum við og við Reykjavégi.

Af þessu ofangreindu var mikil unglingsdrykkja innan og utan tónleikasvæðis. Vissulega voru ungmennin einnig með eigið áfengi sem bau neyttu við bílana á bílastæðum við KSÍ. Hávaði frá tónleikunum var mismikill um hverfið, mismunandi var á hvaða sviðum tónleikarnir voru og vindátt hvern dag fyrir sig. Ónæði og hávaði var mikill eftir að tónleikasvæðið var rýmt bæði fyrir utan tónleikasvæðið og inn í hverfi. Tónleikagestir héldu áfram að skemmta sér fram á nótt með tilheyrandi hávaða og ónæði. Þar sem ekki var staðið við að þrífa strax alla morgna innan hverfisins var mikill sóðaskapur. Hálftómar bjórdósir, brotnar vínflöskur, bjórglöss, áhöld til fíkniefnaneyslu, pakkningar með eða án fíkniefna fundust o.s.frv. Einnig er ljóst að fólk notaði runna og garða í nágrenni sem salerni sem er að sjálfsögðu óásættanlegt.

Virkt foreldraeftirlit var á vegum foreldrafélagsins í Laugalækjarskóla. Tekin var ákvörðun fyrir 2 árum að hafa þann háttinn á. En sú greinargerð sem foreldrar skiliðu eftir foreldraröltið yfir helgina 21.-24. júní 2018 talar sínu máli. Í kjölfarið sendu foreldrafélög Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla frá sér ályktun, sjá fylgiskjal 5. Á þessu er greinilega hægt að sjá að slíkt umhverfi er algjörlega óviðunnandi fyrir börn og unglingu.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélags Laugalækjarskóla

Þórunn Steindórsdóttir formaður

## Greinargerðir foreldrarölt 21.-24. júní 2018

### Fimmtudagskvöld

3 mömmur röltu frá kl.21-23 og svo tvær frá 23 – 24.

Góðu fréttirnar: Umgengni á Laugarnesskólalóðinni sem og öðrum skólalóðum var góð og engar vímuefnaáfyllingar sjáanlegar. Hins vegar var öryggisvörðurinn frá Secret Solstice sem átti að hafa eftirlit með lóðinni aldrei sjáanlegur.

Slæmu fréttirnar: „For 2018, we are operating an improved system from previous years which includes:

- Taking the date of birth for all ticket holders (**ekki gert**)
- Giving U20s a different wristband so that they are flagged as being underage when they try to buy alcohol (margir unglingsar á svæðinu undir 20 ára fengu þessi armbond afhent, þ.a.l. **skilaði engan veginn sínu**)
- Reiterating to customers on our information that they need to be accompanied (see attached screen grabs of the ticket websites and the final ticket that customers receive) (**ekki gert og gert lítið úr því þegar gerðar voru ath.við lélega eftirfylgni**)
- At the gate, under 20s are recognised by their DOB on the scanning system, and they are checked to see if they are accompanied with an adult" (**lítill eftirfylgni**)

Það sem verra er: 20 ára og yngri áttu að fá annars konar armbond en fullorðnir til þess að geta ekki keypt áfengi EN það stóðst ekki. Þau fengu afgreitt áfengi út á armbond sem voru bara sold u.20 ár.

Við ræddum við starfsfólk félagsmiðstöðvanna sem var á svæðinu og lögregluna. Þeirra niðurstaða: mikið var af börnum allt niður í 15 ára undir áhrifum áfengis inni á svæðinu og sem voru að fá afgreitt áfengi. Lögreglan hringdi í nokkra foreldra og létt sækja drukkin ungmanni undir aldri. Næstu kvöld verður opið tjald fyrir þessi ungmanni með barnaverndarfólk og félagsráðgjöfum og þá gefst enn betur færí á að taka þessi börn til hliðar í tjald og láta sækja þau.

Bílastæðin fyrir utan innganginn var fullur af bílum og fólk sem var þar til að fylla á sig með ýmsum efnum. Ábendingar bárust um að þar færi fram sala á ýmsum vímuefnum.

Sem sagt: Hátíðarhaldarar eru góðir í að lofa öllu fögru en mjög slakir í að framfylgja því og eru að fremja lögbrot inni á svæðinu sem felst í sölu áfengis til barna undir aldri. Einnig var þónokkuð um sýnilegar grasreykingar inni á svæðinu sem enginn gerði neina athugasemd við.

Við hvetjum foreldra til að mæta á foreldraröltið næstu kvöld og kynna sér stöðuna og sjá hvað er í gangi sem og veita börnunum okkar aðhald.

P.s viljum hvetja pabbana til að koma sterkar inn og mæta á röltið, erum að sakna þeirra.

### Föstudagskvöld

Frábær mæting í foreldraröltið kl. 21, sló öll met enda mikil þörf á þátttöku foreldra.

Góðu fréttirnar eru þær að lögreglan var mun meira áberandi en á fimmtudagskvöldið og mikill munur á því frá því í fyrra, bæði á bílum og gangandi utan sem innan tónleikasvæðis. Skólalóðir á Laugalækjarskóla og Laugasól voru með kyrrum kjörum snemma kvölds sem og rólóvellir í kring. Lögreglan tók reglulegan rúnt um þessi svæði.

Gæsla við aðalinngang var góð en ábótavant þótti okkur að ekki var nema einn starfsmaður við innganga við tjaldstæðið og við innganginn skáhalt við World Class. Þegar hópur ungmannna reynir

að komast inn er ekki gott að vera einn á svæðinu. Við sáum hóp ungmenna reyna að komast inn en þegar þeim var meinaður aðgangur voru þeir ekki glaðir. Það var ekki að sjá að ungmenni kæmst inn án fylgdarmanns en síðar hefur komið fréttir frá foreldrum að börn yngri en 18 ára sem áttu ekki að komast inn voru samt inni á svæði án fylgdar.

Því miður er enn og aftur mikil neysla fyrir utan inngang hátíðarinnar með tilheyrandi sóðaskap, ónæði og neyslu fíkniefna. Gestir hátíðarinnar virðast nota bílastæðin við KSÍ sem áfyllingastað, djammstað og salerni á undan og á meðan hátíðinni stendur. Fíkniefnalöggreglan var þar með þrjá hunda og þegar að foreldraröltið ræddi við þá sögðust þeir vera mjög uppteknir enda var mikið um sölu og einkanotkun í gangi. Löggreglan er undirmönnuð eins og í fyrra þó svo að gæsla hafi verið bætt. Þeir báðu okkur um að vera sýnilega og sögðu fælingarmátt okkar mikilvægan til að koma í veg fyrir sölu og hópasöfnun ungmenna. Það gefur augaleið að aðdráttaraflíð sem að tólistarhátiðin hefur er mikil, bæði hvað varðar þá sem vilja skemmta sér fallega og þá sem eru ekki á þeim stað hvort sem þeir hafa aldur til eða ekki.

Ástandið sem skapast fyrir framan KSÍ og bílastæðin í kring er mjög skuggaleg og alls ekki við hæfi barna eða því sem ungmenninn í hverfinu eiga að venjast. Sala á fíkniefnum fór fram fyrir framan nefið á foreldraröltinu og mikil kanabislykt lá yfir bílastæðum við KSÍ og inni í Teigunum allt kvöldið. Mikil fólksmergð var á bílastæðinu við lok tónleikana í gærkvöldi og var ástandið þannig að löggreglan meinaði foreldraröltinu aðgang vegna slagsmála og ástands sem hafði skapast. Eftir miðnætti var fíkniefnaneysla stunduð bæði á Laugarnesskóla- og Laugalækjarskólalóðunum sem leystist upp þegar sást til foreldraröltins. Ekki var búið að þrífa skólalóðina í morgun, eins og lofað hafði verið og búið var að brjóta rúðu í Laugarnesskóla. Ælur við leikskólann á Hofteigi sem ekki var þrifin upp í morgun.

Á facebook hefur skapast umræða um tilgang hátíðarinnar og hvort hún eigi rétt á sér. Ber því að ítreka að foreldrafélagið í Laugalækjarskóla og þeir sem að því standa eru ekki að leggja mat á það hvort fólk er með eða á móti hátíðinni, heldur snúa okkar áhyggjur fyrst og fremst að öryggi og velferð barna og unglingsa hverfisins, innan sem utan tónleikasvæðis. Þessi svæði hafa alls ekki verið í lagi á meðan á hátíðinni stendur og algjörlega ósættanlegt umhverfi fyrir börn og unglings. Við höfum unnið í margu mánuði með tónleikahöldurum og öðrum sem koma að hátíðinni að því að gera hátíðina öruggari og gekk það samstarf vel. En því miður hefur ekki verið staðið við öll þau loforð t.d. hvað varðar tjald sem velferðasviðið átti að vera með innan svæðis og aðstoða starfsfólk ÍTR vegna afskipta af börnum undir aldri eða án ábyrgðamanna. Það tjald var ekki starfrækt fyrsta kvöldið og því var lögreglunni og ÍTR ekki unnt að færa ofurölví ungmenni þangað þar til að forráðamenn kæmu að sækja barnið. Eftir ummæli og gagnrýni frá foreldrafélaginu og starfsmanni hjá velferðasviði þá varð úr að tjaldið tók til starfa á föstudagskvöldið og er okkur sagt að svo verði á meðan hátíðin stendur. Einnig var búið að lofa starfsmanni frá Secret Solstice sem starfaði með félagsmiðst. fólkí inni á svæðinu en ekki var staðið við það fyrri en á degi tvö. Einnig átti að reyna að stýra gestum eftir að hátíðinni lýkur á kvöldin í burtu frá hverfinu og upp á Suðurlandsbraut þar sem leigubílar og strætisvagnar áttu að vera. En þeir voru ekki sjánlegir þar en leigubílar voru nokkrir alveg við KSÍ stæðin en engan vegin nægilega margir.

Því miður virðist ekki hafa tekist að halda utan um neyslu á ólöglegum fíkniefnum innan svæðis enn sem komið er. Margir fullorðnir tónleikagestir sem og þeir sem standa að foreldraröltinu hafa sagt frá kanabisreykingum inni á svæðinu sem þeir hafa orðið vitni að, bæði fimmtdag og föstudag þvert á það sem tónleikahaldarar halda fram. Virðist sem að þegjandi samþykki sé fyrir neyslunni og að þetta sé „eðlilegur“ fylgifiskur tónleikahaldsins. Þó svo að löggregla var sjánleg inn á svæðinu þá hefur hún ekki mannskap í að taka á neyslu innan svæðis. Einnig bendum við á fjölmiðla sem hafa aðgengi að dagbók lögreglunnar sem bendir til að neysla hafi verið þar.

Einnig viljum við vekja sérstaka athygli á því að öllu umræða um að ástandið sé engu betra en í miðbænum eða öðrum úthátiðum og sú rök að vegna þess að hlutirnir séu óviðráðanlegir eða ekki í

lagi annars staðar, gerir það ástandið réttlætanlegt í Laugardalnum er ekki við hæfi því að þessi hátið getur verið afdrifarík í lífi unglingsanna í hverfinu. Það að þeir sérfræðingar sem starfa á vegum hátiðarinnar séu vanari flóknari og erfiðari vandamálum eru ekki rök sem styðja að hátiðin sé ásættanleg í þeirri mynd sem hún er í núna.

Einnig hvetjum við alla íbúa og tónleikahaldara að röltum um hverfið og sjá það sem vel fer fram og það sem betur má fara. Þess má geta að þeir sem voru í foreldraröltinu í gærkvöldi var mjög brugðið að vera við útganginn um miðnætti þegar þúsundir tónleikagesta dreifðist um svæðið og héldu fjölmargir partyínu áfram á svæðum í kring. En við höfðum lagt áherslu á að mannmergðinni yrði beint út á Suðurlandsbraut en ekki inn í hverfið. Núna beinum við helst sjónum að KSÍ og skólalóðum og þar sem að börn þurfa að leggja leið sínar.

Ef fólk sér hópasöfnun eða sölu á fíkniefnum á að hrингja í lögregluna og tilkynna. Hávaði og óþrifnað skal tilkynna til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Allar tilkynningar eru skráðar og færðar til bókunnar og það er það sem telur ekki skoðanaskipti á Facebook.

Foreldraröltið fer af stað klukkan 21:00 og 23.00 öll kvöld á meðan hátiðin stendur yfir og er lagt af stað frá Laugalækjarskóla. Við bjóðum alla velkomna.

Viljum byrja á að óska eftir íbúum á röltið í kvöld sunnudag. Farið verður frá Laugalækjarskóla kl. 21 og 23. Allir velkomnir.

## Laugardagskvöld

Nokkrir foreldra voru mættir á röltið, óskum við eftir íbúum að koma og röltu með okkur.

Farið verður frá Laugalækjarskóla kl. 21 og 23. Allir velkomnir.

Mikill mannfjöldi var saman komin við innang hátiðarinnar á leið inn kl. 21.00. Starfsmenn hátiðarinnar voru að leita mun betur í töskum og öðru sem að gestir voru með á sér. Lögreglan var við hliðið á tveimur bifhjólum og var tiltaks ef á þurfti að halda. Það var til fyrirmynðar að sjá það.

Á spjalli við lögregluna kom upp að þeir voru ósáttir við ummæli foreldrarölt að þeir væru undirmannaðir. Við stöndum samt með því að sú er raunin þar sem að einkennisklæddir lögreglumenn á þeirra vegum haft sagt það við okkur, einnig er mikill mannfjöldi undir áhrifum og stórt athafnarsvæði. Við spjölluðum við lögregluna enn frekar og í lokin sagði hann okkur hvar væri gott að við værum sýnileg og fælingamáttur fyrir hópasöfnun og neyslu. Við þökkum fyrir og lögðum af stað.

Skipt var í hópa og gengið um hverfið. Gott var að sjá skilti sem komið hefur verið upp við skólalóð Laugarnesskóla. Þetta eru myndir sem að nemendur skólans gerðu með tilmælum um góða umgengi. Fallegar myndir með góðum skilaboðum. Því miður var mikil neysa fyrir utan inngang hátiðarinnar með tilheyrandi sóðaskap, ónæðis og neyslu fíkniefna. Gestir hátiðarinnar virðast ennþá nota bílastæðin sem áfyllingastað, djammstað og salerni á undan, á meðan og eftir að hátiðinni lýkur. Lögreglan var þar með fíkniefnahund fyrr um kvöldið og voru þeir mjög uppteknir eins og kvöldin áður.

Tæki og tól til fíkniefnaneyslu sem og fólk við neyslu sást á skólalóð Laugarnesskóla og Hofi (þrátt fyrir að Hof lóðin sé læst). Einnig fundust efni til notkunar. Mikið var um að fólk gerði þarfir sýnar inn í runnum á skólalóð og í runnum við Reykjaveg. Eftir miðnætti voru einnig partý í bílum við bílastæði Laugarnesskóla við Gullteig.

Þegar tónlistarsvæðið var rýmt lág straumur fólks upp í Laugardalshöll. Þar var að sjá fjölda fólks sem að vildi skemmta sér og hegðaði sér vel. Gestir biðu í röðum eftir að komast inn og var glatt á hjalla. Tónleikahaldar reyndu sitt besta að drífa fólkio inn í hús og þar fyrir innan var löggæsla með hund. Það voru allir sammála að allt annað ástand var á bílastæðunum fyrir utan KSÍ og allt að bílastæðum að Sundlaugavegi. Má helst líkja því við stóra úthátið eftir að tónlistarhátiðarsvæðið hafði verið rýmt. Þar var mikil partystemmning með tilheyrandí ástandi og hávaða. Verst var ástandið við inngang/útgang hátíðarinnar og KSÍ, þar sem fólk var með bílapartý, háa tónlist, stólar og rusla hvert sem var litið. Fólk út um allt. Gæslan frá hátíðarhöldurum var á staðnum en var í raun alveg máttlaus hvað varðar að koma fólkini í burtu. Ef upp komu vandamál kölluðu þau á löggregluna sem var ekki sjáanleg á staðnum þegar foreldraröltið kom á staðin. Foreldraröltið varð vitni af því að skotið var upp flugeldum og slagsmál. Það var kallað á löggreglu og komu tveir löggreglubílar. Mikil kanabislykt, ofurölvun og tónlist bar fyrir augum okkar frá bílastæðunum. Okkur fannst þetta ekki öruggt svæði til að vera á og í raun utan þess sem við teljum okkur vera að gera svo við fórum og gengum á skólalóðir. Þar voru nokkur ungmanni við iðju sína sem að fljótegla fóru þegar þeir sáu gulu vestin koma gangandi í átt að þeim. Okkur hefur verið sagt frá tónleikahöldurum að þeir hafa ekki valdasvið utan girðingar. Þeir samt veiti gæslu á bílastæðinu en geta í raun ekki annað gert.

Einnig langar foreldraröltinu að koma á framfæri að röltið er ekki bara haldið núna þessa helgi. Heldur er foreldrarölt ávallt þegar skólaviðburðir eru á veturnar og ef að eitthvað annað er um að vera í hverfinu. Alltaf er skrifuð greinargerð þó svo að það hafi ekki verið birt á Facebook síðum. En vegna fjölda fyrirspurna var ákveðið að birta greinargerðirnar. Þetta er því liður í því sem foreldrafélagið hefur verið að gera og mun halda áfram að gera.

## Sunnudagskvöld

5 mæður mættu og létu grenjandi rigninguna ekkert á sig fá (enda gerðu tónleikagestir það ekki heldur). Á Laugarnesskólalóðinni fundust nokkrir tómir, litlir pokar, eins og notaðir eru utan um marjuanaskammta. Þrjár stelpur ca 16 ára voru að reykja gras við Laugarnesskóla. Þær fengu vægt áfall við að sjá okkur, tvístruðu hópnum og hlupu í burtu og skildu eftir sig ókláraðar jónur. Komið var að hópi á hjólabrettavellinum við KSÍ sem var að reykja marjúana. Hvoru tveggja var tilkynnt. Á bílastæðum við KSÍ sem eru full af sömu bílum og lögðu þar á fimmtudaginn. Sumir hafa verið svo útsjónarsamir að mæta þarna með sendibíla sem eru opnir og inni í einum þeirra var sófi og matarborð. Mjög mikið rusl og óhreinindi var á bílastæðunum sumt hvert virðist hafa legið þar a.m.k einn sólarhring. Hins vegar voru aðalgöngustígar s.s. meðfram sundlaug og KSÍ þrifalegar. Fáiir voru úti við á stæðunum ólíkt síðustu kvöldum þar sem tónleikagestir voru bæði kaldir og blautir og höfðust því frekar við inni í bílunum. Mótshaldarar höfðu lofað að 1-2 einstaklingar myndu gæta öryggis á skólalóðum hverfisins og hreinsa þar en ekki var hægt að sjá það eitt einasta kvöld. Mynd var birt á fésbókinni af áfengisflökum og dósum úr beðum á Laugarnesskólalóðinni sem höfðu legið þar í sólarhring. Eftir það voru þær hirtar (flestar). Gestir byrjuðu að yfirgefa svæðið fyrr en önnur kvöld, líklega sökum veðurs. Klukkan 23 þegar allar mömmurnar voru orðnar holdvotar og sýnt að engir nýjir bættust við á röltið, héldu þær hver til síns heima. Gleðilegt var að sjá öll kvöldin að mjög lítið var af grunnskólaunglingunum okkar að forvitnast nálægt tónleikasvæðinu heldur virðast foreldrar hafa haldið þeim frá því. Haft var samband við umsjónarmenn vinnuskólans á mánudeginu og óskað eftir því að börnin yrðu ekki látin hreinsa beðin við bílastæði KSÍ. Auk þess að fara vel yfir öll þau beð sem börnin yrðu látin vinna við næstu vikur. Við þökkum öllum foreldrum sem tóku þátt í röltinu en um 15-20 foreldrar mættu, sumir tóku nokkur kvöld.

## Ályktun stjórna foreldrafélaga Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla

Stjórnir Foreldrafélaga Laugalækjar- og Laugarnesskóla fara þess á leit við borgaryfirvöld að öllum samningum við skipuleggjendur tónlistarhátiðarinnar Secret Solstice verði tafarlaust rift, enda hafa þeir ekki staðið við fyrirheit um framkvæmd hátiðarinnar, og að hún fari ekki aftur fram í Laugardal og á svæði Þróttar.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur skipuleggjendum Secret Solstice og borgaryfirvöldum ekki tekist að standa við gefin loforð hvað varðar umgengni í nærumhverfi tónleikastaðar; á leiksvæðum, leikskólum, skólalóðum og görðum íbúa. Íbúar eru því enn eitt árið tilneyddir til að halda börnum sínum í hálfgerðu stofufangelsi á meðan á hátiðinni stendur, vilji þeir ekki eiga það á hættu að börnin þeirra detti um ælupolla, áhöld til fíkniefnaneyslu, notaðar sprautunálar og hálfþómar bjórdósir, á leiksvæðum sínum í hverfinu. Það er nokkuð ljóst að umfanga hátiðarinnar er algjörlega komin yfir þolmörk hverfisins.

Jafnframt eru lögbrot tónleikahaldara þegar kemur að áfengissölu til ungmenna undir 20 ára aldri alvarleg og varða ekki eingöngu börn og unglings úr Laugardal heldur alls staðar að af landinu. Stjórnir foreldrafélaganna vita fyrir víst að börnum og unglungum, allt niður í 15 ára, hafi verið afhent armbönd sem gerðu þeim kleift að kaupa áfengi af skipuleggjendum hátiðarinnar á tónleikasvæðinu. Lofað var fyrir hátiðina að armbönd yrðu afhent gegn skilríkjum sem var ekki gert og því ekki gengið úr skugga um aldur þess sem armbandið bar. Það er með öllu óásættanlegt.

Þá er ástandið utan tónleikasvæðisins, á bílastæðum við KSÍ, Laugardalslaugina, Húsdýragarðinn, Skautahöllina og við íbúðarhús í hverfinu á meðan á hátiðinni stendur. Með öllu óásættanlegt. Þar hópast saman ungmanni niður í 15 ára og líkja foreldrar sem stóðu Foreldravaktina ástandinu við það stríðsástand sem skapaðist í miðborg Reykjavíkur fyrir nokkrum árum, og mikil vinna var lögð í að uppræta. Á þessum svæðum fer fram mikil vímuefnaneysla og eiturlýftasala og er ástand umhverfisins í takt við það.

Við sjáum ekki hvernig hátiðin fer saman við þau yfirlýstu markmið Reykjavíkurborgar að vera heilsueflandi borg og getum ekki annað en lýst miklum vonbrigðum með að hátiðin skuli meðal annars taka yfir svæði Þróttar, íþróttafélags barnanna í hverfinu, sem hefur það að meginmarkmiði að vera forvarnaraðili.

Við undirrituð, stjórnir foreldrafélaga Laugalækjar- og Laugarnessskóla, förum þess því á leit við borgaryfirvöld og þá stjórnendur í borgarkerfinu sem standa fyrir leyfisveitingum, að öllum samningum við skipuleggjendur tónlistarhátiðarinnar Secret Solstice verði tafarlaust rift og að hátiðin fari ekki aftur fram í Laugardal og á svæði Þróttar.

Reykjavík, 25. júní 2018

Með vinsemd og virðingu,

Stjórnir foreldrafélaga Laugalækjar- og Laugarnesskóla

# Fylgiskjal 1, bréf frá foreldrafélögum í leik- og grunnskólum við Laugardalinn

Reykjavík, 12. apríl, 2018.

Kæru forsvarsmenn Secret Solstice,

Við viljum koma á framfæri nokkrum atriðum sem varða öryggi og heilbrigði barna og unglingsi i Laugarneshverfi í tengslum við Secret Solstice hátiðina. Við viljum taka fram að okkar áhyggjur beinast hvorki að því sem sem kalla mætti almennt ónæði eða hvort fólk er með eða á móti hátiðinni, heldur snúa okkar áhyggjur fyrst og fremst að öryggi og velferð barna og unglingsi hvernig, innan sem utan tónleikasvæðis. Þessi svæði hafa alls ekki verið í lagi á meðan á hátiðinni stendur og algjörlega óársættanlegt umhverfi fyrir börn og unglingsi.

Þá daga sem Secret Solstice tónlistarhátiðin stendur yfir er mikill straumur og ágangur tónlistagesta í og við Laugardalinn. Áfengisneysla og önnur vímuefni hafa verið áberandi allan sólarhringinn með tilheyrandi vandamálum. Einnig eru visbendingar um að of auðvelt hafi verið fyrir unglingsi undir lögaldri að komast inn á tónlistarsvæðið yfir girðingar og með eða ÁN fylgdar foreldra. En á íbúafundi sl. febrúar sögðust hátiðarhaldarar ætla að reyna að tryggja meiri gæslu og sérstök armbönd verði fyrir þá sem eru tultugu ára og eldri og því með aldur til að kaupa áfengi innan svæðis. Gæti verið hugmynd að forráðamenn þyrftu að samþykja skilmála við miðakaup, þar sem tekið er fram að ólögráða ungmennum sé ekki leyfilegt að vera innan tónleikasvæðis án fylgdar forráðamanna.

Ábendingar komu frá hjá starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar Laugó sem voru gestir innan girðingar að nauðsynlegt væri að starfsmenn félagsmiðstöðva væru innan girðingar í svipuðu hlutverki eins og foreldrarölt utan svæðis. Starfsmenn félagsmiðstöðva þekkja unglingsana vel og vita hverjir eru í áhættuhópi og geta verið stuðningur og leiðbeint þeim innan svæðis. Það skapar forvarnargildi og öryggi unglingsanna að vita að þeir geti leitað til þeirra sem þeir þekkja og treysta.

Opin leikskvæði hvernig og þær leiðir sem hafa verið skipulagðar sem leiðir til að komast að Laugardalslaug og upp í Brótaraheimili á skipulögð íþróttanámskeið á vegum ÍTR urðu fyrir miklum átroðningi. Dæmi um hegðun utan tónleikasvæðis sem eru alls ekki við hæfi barna og unglingsi voru áberandi, mikil fíkniefnaneysla, efnin og hlutur til notkunar á síkniefnum utan svæðis, þvag, haegdir, ælur, rusl, glerbrotr, sóðaskapur á bílastæðum að morgni, partyhald í bilum og opnum svæðum. Skólahóðir, leikskólar og opin svæði sem ætlud eru börnum þurfa að vera örugg. Dæmi eru um að partyhald, drykkja og neysla síkniefna sé hafin á skólahóðum áður en leyfilegum útvistatíma barna lýkur. Það er afskaplega óviðeigandi að þetta fari fram við hlið barna sem eru í körfubolta, fótbalta og útileikjum á skólahóðinni. Þetta á að vera þeirra griðarstaður!

**Þessi svæði þarf að vakta vel, beina fólk frá og hreinsa eftir hvert kvöld.**

Mikilvægt er að inngangur og útgangur tónlistarsvæðis snúi ekki að íbúðahverfi. Í fyrra var tónleikagestum hleypt út af svæðinu í vestur átt sem varð til þess að Teigarnir, leikskólahóðin á Höfum og skólahóð Laugarnesskóla fylltust af fólk i annarlegu ástandi með tilheyrandi partyhaldi, þvaglátum ælum, flöskum, glerbrotrum og fleiru þviumlíku. Fólksstraumnum þarf að beina út í átt að Suðurlandsbraut og þar þurfa strætó, rútur og leigubílar að vera til staðar til að koma tónleikagestum úr hverfinu og forðast hópamynund og partystand innan hvernig.

Einnig teljum við mikilvægt til að svona tónleikahald innan íbúðahverfis gangi upp, að lögum um neyslu ávana- og fíkniefna sé framvílt. Það var samdóma álit þeirra sem stóðu að foreldrarölti síðastliðið sumar að mikil neysla var á kannabiseínum og afskipti lögreglu innan svæðis og utan var i algjöru lägmarki. Ekki virtist vera mannskapur sem greip inn í eða kom í veg fyrir reykingar á kannabis eða neyslu annara fíkniefna. Virðist sem að þegjandi samþykki hafi verið fyrir neyslunni og að þetta væri „edlilegur“ fylgifiskur tónleikahaldsins. Við krefjumst þess að lögregla, borgaryfirvöld og tónleikahaldarar taki sig saman og tryggi börnum og ungmennum öruggt umhverfi sem þau eiga rétt á samkvæmt barnasáttmála Sameinuðuþjóðanna. Mótshaldarar geta ekki firrt sig ábyrgð utan svæðis í þessum efnum þar sem þetta eru gestir á þeirra vegum. Einnig er ástæða til að itreka að allt tal um að þetta séu bara 4 dagar á ári og fólk eigi að hætta þessu væli er ekki við hæfi, því þessir 4 dagar geta verið afdrifarikir í lífi unglingsenna í hverfinu. Óskum við eftir skriflegu svar frá tónleikahöldurum, lögreglu og borgaryfirvöldum um hvaða leiðir verði farnar innan sem utan tónlistarsvæðis til að tryggja öruggt umhverfi barna og unglingsa hverfisins.

F.h. foreldrafélagsins í Laugalækjarskóla,

Heiðlóð Ásvaldsdóttir  
Ingibjörg Vilbergsdóttir

F.h. foreldrafélags Laugarnesskóla

Ásdís María Rúnarsdóttir  
Jóna Björk Sigurjónsdóttir

F.h. foreldrafélagsins í Langholtskóla

Elmar Freyr Tómasson  
Rannveig Sverrisdóttir

F.h. foreldrafélagsins á Leikskólanum Höfí

Auður Marteinsdóttir  
Erna Georgsdóttir

F.h. foreldrafélagsins í Leikskólanum Laugasál

Eyrun Helga Aradóttir  
Helena Gunnarsdóttir

Samhljóða samrit var sent til borgaryfirvalda í Reykjavík, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Hverfisráðs Laugardals. Afrit var sent til Knattspyrnufélagsins Þróttar.

svarbréf Secret Solstice vegna kröfu foreldrafélaga

Clare Goodchild <clare@secretsolstice.is>

A  
pr  
18

to Lilja, Íbúasamtök, Sandra, Eyrun, Heiðar, me, laugarnesskoli, Katrín

Hi Ingibjorg

Thanks for sending this through and apologies for the delay in responding - I had to get it translated and then I have been away from the office for a few days.

Below is my response to your concerns, and please note I have added some people from the residents association as we had a meeting with them last week and I think it is good for everyone to be included.

Once again, we really appreciate your feedback into the planning and organisation of the festival, and we are glad to be working closely with you at this time

Please ask me should you have any further questions

Kind regards

Clare

**Underage persons accessing the festival site:**

We are now taking the date of birth for all ticket holders and on arrival they will be allocated with a specific 'underage' wristband which uses RFID technology to ensure they cannot purchase alcohol at the bars. We understand that some of the underage audience circumvented ticket purchase by breaking into the site under the fences, and to improve this we have implemented a reinforced fence line on the main weak points, supported by extra security patrols in these areas. Also, since the site is now totally RFID, anyone who enters the site without a ticket will not be able to purchase any food or drink because they will be without a wristband.

Across the whole site we will continue to operate the same 'Challenge 25' age checks at bars and all the bar staff and security will be trained on our policies prior to the event

#### Parents agreeing to the ticketing terms:

We already have a policy in place that no under 18 is allowed to access the site without a guardian over the age of 20. This is stated in our terms and conditions at point of sale, and also on the website. If there is an underage customer arriving alone at the main gate, they will be refused entry. If their welfare appears to be compromised then they will be held in our medical tent until we can contact their guardian. By purchasing a ticket on the website, the customer is agreeing to these terms of entry

#### Working with the parents association:

We are happy to work with the association and welcome them to have a small presence on the site if they think it will help our customers. However, Secret Solstice has the ultimate duty of care to the customers within our festival perimeter and if the association would wish to undertake patrols of the site then we would need to work together to ensure our festival policies and paperwork is adhered to.

#### Anti-social behaviour outside the festival site

We have been informed of some concerns raised by the local community during the festival. At all times we aim to reduce the impact we have on our neighbours. Secret Solstice does not have legal jurisdiction to remove people from the area outside of the festival site; however, we have discussed this issue with the City and it has been agreed that we will install a patrol car which will ask people to move along when they are causing disturbance in public areas. However, in line with our legal powers, the ultimate removal of these people will remain the responsibility of the police, and our presence will act as a deterrent only.

#### Prohibited substances

Secret Solstice festival does not condone the use of illegal substances, misuse of prescribed drugs, or use of novel psychoactive substances within our festival. We operate a number of strategies to reduce the presence of these substances and to protect our customers from harm. Our event has a Drugs Policy to which all our staff are briefed. We advertise in advance and on the gate that we employ a zero tolerance policy. We undertake mandatory searches on entry and work with the Reykjavik police to ensure illegal substances and novel psychoactive substances are not brought into our site. Those who refuse a search will be refused entry, and those who are found with drugs will be managed by the security and police.

However as with any festival, we understand that with the volume of people present the main gate searches can be abused, and so we undertake a strict eviction procedure and duty of care process to ensure that if customers are found with drugs then they are removed from the site.

At all times during the live show we also operate a medical and welfare facility, and work with the ambulance service to ensure that there is medical care for anyone who should need it. Within this facility we ensure full reporting is undertaken, and daily meetings are held with key departments so that any drug trends can be identified and managed as they happen.

Fylgiskjal 2, netpóstar frá viðburðastjóra

A

Hi all

Thanks for meeting today!

I just wanted to send over some points from the meeting so we can all move forward:

- We will contact the City about putting up some signs on the roads around the festival - please can you advise what the best roads will be for us to do this?
- We will contact the Police and ask that they can send someone to the meeting next week, and ask if they will be placing a team at the swimming pool like they did in 2017
- We will keep you updated on the vehicle towing for illegal parkers, but understand this is not very important to you at this stage
- We will ensure there is a security patrol car on the roads near your house, with a contact number that you can call during show hours to report concerns
- We will also put security patrols on the school grounds during evening show hours to help stop people from entering. Please can you send me a google map of the area that they would need to cover to keep your grounds safe, and I can ensure this is briefed to them
- We will chase the buses and taxis to try and plan a transport hub outside the site
- I will take you on a site walk on the Thursday before we open so you can see how we have designed the site to help reduce the negative impact on the local community. I will arrange a time for this nearer to the day.
- Please can you send me the contact for the youth group who want to walk inside the site? Is it the same person as 2017, which is below:

**Þorsteinn V. Einarsson**

**Deildarstjóri unglingsviðs**

**Tjörnin fristundamiðstöð**

**Skóla- og fristundasvið Reykjavíkurborgar**

[thorsteinnv@reykjavik.is](mailto:thorsteinnv@reykjavik.is)

**664-7700**

- As requested, the police contact is Rafn and email is [rafn.gudmundsson@lrh.is](mailto:rafn.gudmundsson@lrh.is)

Again I apologise for the staff being rude to you in 2017, and you always have my phone number if something like that happens again!

Have a nice weekend

Clare

B

Lilja Sigrún Jónsdóttir

to Clare, me, laugarnesskoli, ibuarlaugardals, sbcepero, eyrun1981, Héidar.Ingi.Sv.

Dear Clare.

It seems that quite a lot of your planning for the festival, with regard to impact on neighbours, is not being executed as previously was described.

Parents of teenagers in the neighborhood are describing on Fb concerns and disappointment.

For one thing the resident helpline is not working and I am not aware of whether the patrol of neighboring areas is active. The phone number has not been published and I tried calling it yesterday, it went to voicemail. After speaking with someone on the event management number the resident number was set up w automatic reply directing everything to Fb or email.

I wanted to alert you to the situation since promises of improvement at the next event are of no use to us now.

Best regards

Lilja S Jónsdóttir

C

Clare Goodchild

J

u

n

7

to me, Skólaheilsugæs., Katrín, Lilja, Íbúasamtök, Sandra, Eyrun, Heiðar, Ómar, Jón

Hi all

Hope you are well!

I just wanted to confirm the details of our external patrol unit with you.

We will have the below active:

- 2 x security guards on patrol looking at the key areas marked in red on the map, from 16:00 to 00:00 on Thursday 21st, Friday 22nd, Saturday 23rd and Sunday 24th June
- 1 x security guard located at Laugarnesskoli school, from 16:00 to 00:00 on Thursday 21st, Friday 22nd, Saturday 23rd and Sunday 24th June

They will be contactable via our Event Control on the phone number below. Please note, this is not the residents number, it is our own event number so if we can keep this number private and then all other issues can go to the residents number which is also shown below. The residents number will be advertised through the facebook before the event

**Event Control:** 7765628

**Residents helpline:** 7762750

Fylgiskjal 3, heitu svæðin í hverfinu og staðir þar sem löggæsla átti að vera.



## Fylgiskjal 4 , greinargerðir frá foreldrarölti í júní 2017

Punktar eftir foreldrarölt yfir Secret Solstice tónleikahátíðar 2017

### Fimmtudagur:

Einn hópur gekk stóran hring. Við byrjuðum á tjaldsvæðinu þar sem okkur var sagt að hópur af ungum krökkum hefði verið að reyna að skríða yfir girðinguna en lögreglan hefði náð flestum þeirra. Héldum þaðan framhjá world class þar sem við fundum poka af fíkniefnum sem öryggisvörður tók og ætlaði að koma til lögreglunnar.

Ekkert líf var í Glæsibæ og bara krakkar að leika sér í Langholtskóla. Urðum ekki vör við neina krakka á grunnskólaaldri við Glæsibæ, Dalheima eða einbýli við Suðurlandsbraut.

Annar hópur gekk hring. Á Íslandsbankaplaninu var ungar maður um tvítugt reykjandi jónu en vitað er að sölumenn fíkniefna hafa vanið komur sínar þangað. Þessar upplýsingar koma frá unglungunum og starfsfólki félagsmiðstöðva. Drengnum var greinilega brugðið að sjá okkur koma en reykti sína jónu áfram en steig síðar upp í bílinn þegar við löbbuðum alveg fram hjá honum. Skýlið bak við gula húsið var með mikið að stubbum (ekki sígrettustubbar). Á foreldraröltum áður verið gengið á líklegan sölumann þarna og því er þetta staður sem við höfum auga á.

Við Laugalækjarskóla var svoltíð um að unglingar kíktu þar við á leið inn í Laugardal. Laugarnesskóla voru börn að leik milli klukkan 22 og 23. Við sáum einnig nokkra unga menn ca. tvítuga sitja á bekk við fiskastytta við grunnskólann. Einn úr hópnum fer úr soknum og sprautar sig á milli tána þegar við erum komin frekar nálægt og mikil lykt af marjuana ásamt að hinir í hópnum voru með kveikt í jónum. Við sögðum þeim að þeir væru á skólalóð og því mættu þeir alls ekki vera með áfengi eða sígrettur innan þeirra marka hvað þá eitthvað annað. Þeir sögðust þá ætla inn á hátföldina í dalnum. Þeir fóru en skyldu eftir Tópas pakka sem í voru fimm jónur ásamt einum óopnaðum bjór. Þessu var fargað. Einnig var mikið um marjuana reykingar einstaklinga á göngu um hverfið sem og fólk undir áhrifum áfengis. Sumir léttu af sér þar sem þeir stóðu eða inn í garða hjá fólk. Við Langholtskóla var ekkert um að vera sem og við Dalheima.

Um miðnætti þegar að tónleikunum var lokið þá löbbuðum við að World Class í átt að Laugardalnum þar var straumur tónleikagesta á leið í strætó eða á bílastæðin við Laugardalshöll. Við urðum vitni af því að fólk kláraði bjóra og settist svo undir stýri eða undir áhrifum fíkniefna með jónu í hönd.

### Föstudagur

Tekið var eftir að auðvelt hafi verið fyrir unglingu undir lögaldri að komast inn á svæðið - bæði yfir girðingar og með armbönd án fylgdar foreldra.

Tónleikagestir voru að gera þarfir sínar (pissa, kúka) ásamt mikillri neyslu fíkniefna og áfengi utan svæðis án afskiptar tónkeikahaldara og löggæslu á svæðinu. Sérstaklega við brettavöllinn, bílastæðum, skólalóðum Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla og í Laugardalnum fyrir neðan Laugarrásveg. Mikil neysla í gangi utan tónleikasvæðis en færri börn voru á ferli undir lögaldri eða börn héðan úr hverfinu heldur voru þetta gestir hátiðarinnar.

Mikil átroðningur og sóðaskapur við Laugalæk og verslunina 10-11. Mikið af fólk undir áhrifum fíkniefna sem að skyldu eftir sig jónur og dósir þar sem þau stóðu. Hópar safnast saman við Laugalækjarskóla á leið sinni inn í dal.

Grunur er um að fíkniefnasalar hafi verið fleiri í hverfinu þessa helgi en mikið var um að skúmaskot og opin svæði væru með einum karlmanni sem var stanslaust í símanum og bílar komu og fóru. Þetta virtust vera sömu einstaklingarnir aftur og aftur á sama stað án þess að gera nokkuð annað en að þar var mikil marjuana lykt og stubbar. Þessi staðir voru fyrir aftan Laugalækjarskóla og þar í kring, Íslandsbankaplaninu og á skólalóð Laugarnesskóla.

Haft var samband við lögreglu höfuðborgarsvæðisins þar sem að ofanverðum athugasemdum var komið á framfæri ásamt nokkrum spurningum sem við vildum fá svör við.

1. Hvort lögreglan ætlar að vera með áfengismæla við aðalæðar út úr laugardalshverfinu til að tryggja öryggi íbúa og gangandi vegfaranda og hvað þá ökumanna. Enda er seldomur bjór inn á svæðinu og "graslyktin" mjög sterk.
2. Ætlar lögreglan að bregðast við einkaneyslu ólöglegra fíkniefna í Laugardalnum? Eða láta það viðgangast að gestir séu að reykja fíkniefni án afskipta. Hvaða skilaboð sendir það ungu fólk um neyslu slíkra efna?

Svar lögreglunar barst daginn eftir eða á laugardag klukkan 11.

*Við erum með sérstaka vakt á umræddum tónleikum, einmitt til að fylgjast með því sem þú ræðir um, neysla vímuefna og önnur mál, t.d. Ölvunarakstur. Ef þú fylgist með fréttamiðlum er ekki ólíklegt að nú þegar séu komnar upplýsingar frá okkur varðandi fjölda þeirra sem hafa verið teknir fyrir slik brot í nótt, en það er líklega meira en venjulega aðfararnótt laugardags. Kv.ÞI*

Takk fyrir svörin. En þú svara ekki hvort þið ætlið að taka á þeirri miklu neyslu fíkniefna sem virðist vera á hverju horni þessa síðustu daga.

*Þeim verkefnum sem upp koma er sinnt eins og hægt er, það á líka við frumkvæðisverkefni... en það er alltaf sami söngurinn.. það vantar mannskap til að sinna þessu að því marki sem við mundum vilja gera það. Kv.KÖK*

### Laugardag og sunnudag

Það var ekki mikið af unglungum í hverfinu. Foreldrar greinilega vakandi yfir því að halda þeim inni eða fara úr bænum eftir að ljóst var hvers konar neysla var hverfinu.

Skólalóðir við Leikskólan Höf og Laugarnesskóla urðu fyrir skemmdaverkum. Ungir drengir reyndu að stela Grænfána fánanum sem hangir á flaggstöng á skólalóð Laugarnesskóla v/ Kirkjuteig.

Mikil átroðningur og sóðaskapur við Laugalæk og verslunina 10-11. Mikið af fólk undir áhrifum fíkniefna sem að skyldu eftir sig jónur og dósir þar sem þau stóðu. Hópar safnast saman við Laugalækjarskóla á leið sinni inn í dal.

Það er samróma álit þeirra sem að töku þátt í foreldraröltinu sem og foreldra í hverfinu að það var mikil fíkniefna neysla, ölvun og sóðaskapur sem ekki hefur verið áður á okkar röltum. Okkur ber skylda til að

sjá um að börn og unglingsar í hverfinu séu örugg. Eins og oft hefur komið fram er allt of mikill straumur fólks um hverfið og MIKIL neysla utan hátíðarsvæðis með tilheyrandi vandamálum. Einnig var greinilegt að of auðvelt hafi verið fyrir unglingsa undir lögaldri að komast inn á svæðið yfir girðingar og með armbönd ÁN fylgdar foreldra.

Það er hvorki hægt að ætlast til að krakkarnir séu í hálfgerðu stofufangelsi í 4 daga né að fjölskyldur þurfi að yfirgefa heimili sín.

Við þurfum samstilt átak mótsvaldara, löggæslu, borgarinnar, félagsmiðstöðva (sem áttu frábæra innkomu í ár), þjónustumiðstöðvar, íbúa og foreldra til að hægt sé að gera svæðið UTAN hátíðarsvæðis öruggara, betra og þrifalegra.

Einnig viljum við ítreka sérstaklega að tal um að þetta séu bara 4 dagar á ári og fólk eigi að hætta þessu væli er ekki við hæfi, því þessir 4 dagar geta verið krítískir í lífi unglingsanna í hverfinu.

## Fylgiskjal 5, ályktun stjórna foreldrafélaga Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla vegna Secret Solstice

Stjórnir Foreldrafélaga Laugalækjar- og Laugarnesskóla fara þess á leit við borgaryfirvöld að öllum samningum við skipuleggjendur tónlistarhátiðarinnar Secret Solstice verði tafarlaust rift, enda hafa þeir ekki staðið við fyrirheit um framkvæmd hátiðarinnar, og að hún fari ekki aftur fram í Laugardal og á svæði þróttar.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur skipuleggjendum Secret Solstice og borgaryfirvöldum ekki tekist að standa við gefin loforð hvað varðar umgengni í nærumhverfi tónleikastaðar; á leiksvæðum, leikskólum, skólalóðum og görðum íbúa. Íbúar eru því enn eitt árið tilneyddir til að halda börnum sínum í hálfgerðu stofufangelsi á meðan á hátiðinni stendur, vilji þeir ekki eiga það á hættu að börnin þeirra detti um ælupolla, áhöld til fíkniefnaneyslu, notaðar sprautunálar og háltómar bjórdósir, á leiksvæðum sínum í hverfinu. Það er nokkuð ljóst að umfanga hátiðarinnar er algjörlega komin yfir þolmörk hverfisins.

Jafnframt eru lögbrot tónleikahaldara þegar kemur að áfengissölu til ungmannna undir 20 ára aldrí alvarleg og varða ekki eingöngu börn og unglings úr Laugardal heldur alls staðar að af landinu. Stjórnir Foreldrafélaganna vita fyrir víst að börnum og unglungum, allt niður í 15 ára, hafi verið afhent armbönd sem gefi þeim leyfi til að kaupa áfengi af skipuleggjendum hátiðarinnar á tónleikasvæðinu. Lofað var fyrir hátiðina að armbönd yrðu afhent gegn skilríkjum sem var ekki gert og því ekki gengið úr skugga um aldúr þess sem armbandið bar. Það er með öllu óásættanlegt.

Þá er ástandið utan tónleikasvæðisins, á bílastæðum við KSÍ, Laugardalslaugina, Húsdýragarðinn, Skautahöllina og við íbúðarhús í hverfinu á meðan á hátiðinni stendur með öllu óásættanlegt. Þar hópast saman ungmanni niður í 15 ára og líkja foreldrar sem stóðu Foreldravaktina ástandinu við það stríðsástand sem skapaðist í miðborg Reykjavíkur fyrir nokkrum árum, og mikil vinna var lögð í að uppræta. Á þessum svæðum fer fram mikil vímuefnaneysla og eiturlyftasala og er ástand umhverfisins í takt við það.

Við sjáum ekki hvernig hátiðin fer saman við þau yfirlýstu markmið Reykjavíkurborgar að vera heilsueflandi borg og getum ekki annað en lýst miklum vonbrigðum með að hátiðin skuli meðal annars tak a yfir svæði þróttar, íþróttafélags barnanna í hverfinu, sem hefur það að meginmarkmiði að vera forvarnaraðili.

Við undirrituð, stjórnir foreldrafélaga Laugalækjar- og Laugarnesskóla, förum þess því á leit við borgaryfirvöld og þá stjórnendur í borgarkerfinu sem standa fyrir leyfisveitingum, að öllum samningum við skipuleggjendur tónlistarhátiðarinnar Secret Solstice verði tafarlaust rift og að hátiðin fari ekki aftur fram í Laugardal og á svæði þróttar.

Reykjavík, 25. júní 2018

Með vinsemd og virðingu,

Stjórnir foreldrafélaga Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla



Reykjavík, 30.júlí 2018

**Umsögn og athugasemdir vegna Secret Solstice í júní**

Tónlistarhátiðin Secret Solstice sem fram fór í Laugardalnum í júní 2018 hafði til umráða töluvert af æfingasvæði Próttar í um tvær vikur. Svæðið sem um ræðir er svokallaður "Þríhyrningur" þar sem minna svið tónleikana var og svo Valbjarnarvöllur þar sem flestir tónleikarnir fóru fram. Bæði þessi svæði eru mikilvæg vegna knattspyrnuæfinga yngri flokka Próttar yfir sumartímann en áætlað var að vegna tónleikanna myndu þau ekki nýtast til æfinga í u.p.b. tvær vikur, þ.e. nokkra fyrir tónleikana vegna undirbúnings og svo í viku til 10 daga eftir tónleikana vegna tiltektar og endurbóta á svæðinu. Búið var að gera ráð fyrir því að svæðin yrðu ekki nýtt til æfinga eða keppni frá 15. júní til 29. júní og voru gerðar ráðstafanir af hálfu félagsins til þess að færa til æfingar og æfingatíma í samræmi við þá áætlun.

Vegna slæmrar tíðar, mikilla rigninga og kulda framan af sumri voru svæðin sem um ræðir ekki í góðu ástandi í aðdraganda hátíðarinnar og fyrirfram var því ljóst að vellirnir myndu fara illa og yrðu hugsanlega ónothæfir í einhverja daga eftir tónleikahaldið. Augljóst var því að sérstakrar varúðar yrði að gæta í umgengni á svæðinu á meðan á hátíðinni stóð og að vanda yrði til frágangs eftir á.

Því miður er skemmst frá því að segja að sú tímaáætlun sem lagt var upp með, gekk engan veginn upp – ekki frekar en fyrri ár – þar sem frágangur á svæðinu eftir tónlistarhátiðina tók mun lengri tíma en gert var ráð fyrir. Umgengnin á svæðinu var þó mun betri nú en árið 2017 og virtust tónleikahaldarar leggja áherslu á að rusl yrði tínt upp af völlunum í lok hvers dags og leit því svæðið umtalsvert betur út en áður. Samt sem áður tók alltof langan tíma að tæma svæðið eftir tónleikana, ýmis búnaður, gámar og annað voru á svæðinu í langan tíma og enn er ekki búið að fjarlægja allt sem tónleikunum viðkemur, rúmum fimm vikum eftir að þeim lauk.

Umgengi var þó víða ábótavant og verður að gera sérstakar athugasemdir við umferð stórra vinnuvéla á svæði sem ætlað er til íþróttaiðkunar og ekki síður á svæði utan girðinganna sem mörg eru mjög illa farin eftir hátíðina. Í vikunni fyrir tónleikana hafði skrifstofa Próttar samband við Reykjavíkurborg og lagði ríka áherslu á að hlífðarmottur yrðu lagðar yfir viðkvæm svæði þar sem umferð væri um. Skrifstofa fékk þau svör að tónleikahaldarar hefðu keypt fleiri mottur og leggja ætti þær yfir þessi viðkvæmu svæði en við eftirgreßnslan kom svo í ljós að flestar þessara hlífðarmotta voru notaðar í sölutjöldum á svæðinu, þ.e. sem gólf fyrir starfmenn í veitingasölu.

Svæðið sem áætlað var að nýta til æfinga fyrir yngri flokka Próttar frá og með 29. júní var því ekki hægt að taka aftur í notkun fyrr en 26. júlí, þ.e. þegar Rey Cup hófst. Að þessu leyti þrengdist mjög um æfingatíma yngri flokka félagsins og hafa verður í huga að aðrir vellir/önnur svæði hafa líka liðið fyrir tíðarfarið. Ítreka verður það hér að grassvæði Próttar þurfa öll umtalsvert viðhald sem ekki hefur verið sinnt nægjanlega undanfarin ár.



### Knattspyrnufélagið Próttur – Trottur FC

Samskiptin við Reykjavíkurborg hafa verið með miklum ágætum og skjótt var brugðist við varðandi lagfæringar á svæðunum, og gekk þau áform að mestu leyti eftir þannig að vallarsvæðin voru leikfær fyrir Rey Cup sem fór fram dagana 25. - 30. júlí.

Verði af hátíðinni að ári þarf að leggja alla áherslu á og tryggja að gengið verði hratt og vel til verks við frágang eftir hátíðina, Laugardalurinn hreinsaður af rusli og búnaður allur fjarlægður, skemmdir verði lagfærðar og æfingasvæðið verði tilbúin til notkunar ekki seinna en viku eftir hátíðina. Sá tími sem leið þar til Próttur gat nýtt svæðin að nýju varð til þess að álag á önnur æfingasvæði var alltof mikið og slíkt fer illa með hina vellina sem þurfa að vera reiðbúnir undir ReyCup þar sem leikið er á þeim frá morgni til kvölds.

Próttur leggur áherslu á að svæðin verði undirbúin miklu betur en gert hefur verið og helst verði lagt "gólf" á svæðin líkt og gert var t.d. á Laugardalsvelli fyrir tónleikahald þar í júlí. Jafnframt að fyrir liggi ítarleg áætlun tónleikahaldara og Reykjavíkurborgar um frágang og endurbætur á svæðum félagsins þannig að hægt verði að hefjast handa strax að hátíð lokinni.

Það er með öllu óásættanlegt fyrir Prótt og iökendur á vegum félagsins að þau svæði sem um ræðir, "Príhyrningur" og Valbjarnarvöllur séu ekki nothæf fyrir íþróttastarfí 6-8 vikur á hverju sumri, enda eru þetta þau svæði sem næst eru félagsheimili Próttar og ætluð fyrir yngstu aldursflokk félagsins í knattspyrnu.

Óhjálkvæmilegt er að geta þess að Próttur hefur fengið margar fyrirspurnir og athugasemir frá fjölskyldufólki í Laugardalnum og foreldrum iökenda um þessa hátíð og það sem þar fer fram, innan og utan svæðis. Ljóst er að margt af því fer ekki vel saman við starf íþróttafélags. Ekki er hægt að horfa fram hjá því þegar ákvörðun er tekin um framtíð Secret Solstice á þessum stað og þessum tíma.

Forsvarsmenn Próttar eru hvenær sem er tilbúnir að veita frekari upplýsingar og lýsa afstöðu félagsins til Secret Solstice verði þess óskað.

Vifðingarfyllst,

Ótthar S Edvardsson

framkvæmdastjóri Próttar

22. ágúst 2018.

## Samantekt frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins vegna Secret Solstice 20. – 24. júní, 2018

Sjúkragæslan og sjúkraþátturinn í heild sinni gekk bara nokkuð vel á hátíðinni, en á svæðinu voru 2 sjúkrabílar og einn stjórnandi sjúkraflutninga frá kl. 1800 fram yfir miðnætti. Auk þeirra voru sex manna skyndihjálphópur á staðnum á vegum viðburðarhaldara.

Að meðaltali voru 3 einstaklingar fluttir á sjúkrahús á hverjum sólahring sem hátíðin stóð og er það nokkru minna heldur en reynsla okkar af svona viðburðum hefur kennt okkur og nokkuð minna heldur en við höfðum gert ráð fyrir.

Engin alvarleg tilfelli komu upp.

Almennt voru flest mál leyst í sjúkragæslunni á staðnum og þá þannig að viðkomandi fór aftur að skemmta sér eða fór heim með aðstoð vina eða ættingja. Mikil samvinna við starfsfólk Reykjavíkurborgar frá velferðarsviði, ég held að þau hafi verð frá Velferðarsviðinu eða frá félagsmiðstöðvunum en allavega frá Reykjavíkurborg) en það munaði mikið um að hafa þau á svæðinu og fá þeirra aðstoð í mörgum málum. Heilt yfir þá tel ég þetta hafa farið vel fram, verið vel undirbúið og í góðu samstarfi milli allra aðila.

Eldvarnaeftirlit var til staðar á þeim tínum sem flestir voru á svæðinu eða frá 17:00 fram yfir miðnætti.

Flest atriði sem við gerðum athugasemdir við voru tengd:

- Flóttaleiðum, sem voru teptar, ekki opnaðar eða bílum lagt fyrir þær.
- Ruslasöfnun í sölutjöldum og matarvögnum.
- Uppsetningu á slökkvitækjum á hátíðarsvæðinu, en þau voru fjarlægð á kvöldin og iðulega geymdist að setja þau upp aftur daginn eftir og þurftum við að minna á það alla dagana utan þess síðasta.
- Í forúttekt á svæðinu kom í ljós að nokkrar drapplingar sem átti að nota voru úr bennanlegu efni og var viðburðarhaldar gert að skipta þeim út fyrir óbrennanlegar.

Stöðugt eftirlit þurfti að vera á söluaðilaum og megin flóttaleiðum. Þar sem fjöldi fólks var með passa til þess eins að leggja bílum inn á svæðinu var bílum ítrekað lagt í flóttaleiðum. Þetta átti jafnt um viðbragðsaðila, starfsfólk og veitingamenn. Þessu þarf að bæta úr fyrir næsta ár.

Einnig kom það fyrir að þeir sem færðu bílana út fyrir svæðið fengu stöðumælasekt þrátt fyrir að forsvarsmenn Reykjavíkurborgar ætluðu að sjá til þess að menn fengju ekki sekt á svæði sem starfsfólk og aðrir aðilar voru að nota til þess að minnka álag á aðkomuleiðum viðbraðgðsaðila. Það var mjög erfitt að svara fyrir það þegar búið var að biðja fólk að færa bílana.

Þrátt fyrir að það megi bæta ýmislegt þá gekk þetta heilt yfir bara vel. Þó að við værum með aðfinnslu við atriði hjá ákveðnum aðilum þá voru einnig aðilar á svæðinu sem voru með allt sitt á hreinu sem við gerðum engar athugasemdir við. Undirbúningur var góður og samstarf við alla aðila gekk vel.

fh. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Einar Bergmann Sveinsson og Brynjar Þór Friðriksson  
Deildarstjórar



Brynjar Þór Friðriksson  
Deildarstjóri á aðgerðasviði  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.  
(+354) 528 3028 | (+354) 8965000 | (+354) 528 3001 |  
[brynjarf@shs.is](mailto:brynjarf@shs.is) | <http://shs.is> | Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík,  
Ísland

Reykjavík 14. ágúst 2018

### **Umsögn stjórnar Íbúasamtaka Laugardals um Secret Solstice hátiðina 2018**

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals (ÍL) hefur tekið saman eftirfarandi umsögn til Reykjavíkurborgar vegna Secret Solstice hátiðarinnar sem var haldin í Laugardal þann 24. – 27. júní 2018.

Á undirbúningstíma fyrir þessa hátið töku stjórnarmenn ÍL eins og áður þátt í samráði bæði við skipuleggjendur hátiðarinnar og fulltrúa Reykjavíkurborgar á mörgum fundum. Þar var komið á framfæri fyrri athugasemdum við framkvæmd hátiðarinnar.

Hátiðin í ár var í heild ívið skárrí en verið hefur, hvað varðar beina ánauð á nærumhverfi. Hávaðamengun frá dalnum fyrir íbúa sem næst búa var þó mikil og telja þar mest áberandi bassadrurnur. Nú þegar viðbúnaður lögreglu á hátiðinni er meiri, þá sýnir sig að fjöldi fíkniefnamála er mun meiri en á öðrum stórum útihátiðum, svo sem Þjóðhátið. Það er í samræmi við upplifun íbúa í nágrenninu.

Secret Solstice hátiðin hefur verið 15 – 20,000 manna skemmtistaður með vínveitingaleyfi sem hefur langan opnunartíma. Það hefur verið heimilt að leyfa börnum undir 18 ára aldri aðgang undir þeim formerkjum að þau séu í fylgd með fullorðnum þrátt fyrir að framkvæmd þess hafi verið ábótavant. Umfang hátiðarinnar er slíkt að mikið álag fylgir á íbúa hverfisins þrátt fyrir að tillit hafi verið tekið til margra ábendinga um úrbætur.

Hátiðin hefur nú ár skert afnot borgarbúa af grónum svæðum í dalnum. Ódagstætt veður setti mark sitt á hátiðina í ár, en á betri sumrum hefur gróið land verið lengi að jafna sig.

Ýmsir íbúar og foreldrafélög skóla í hverfinu hafa vakið athygli á vanköntum þess að halda slíka hátið í nálægð við þéttbýli. Fjöldi fíkniefnamála og umfang verkefna lögreglu og annarra aðila á hátiðinni gefa til kynna hvers konar áreiti og fyrirmynndir hátiðin sýnir hverfisbúum ungum og öldnum. Það fellur illa að almennu hlutverki Laugardals í huga fólks sem vöggu heilsueflingar og íþróttar hér á landi.

Það er álit stjórnar Íbúasamtaka Laugardals að endurskoða þurfi leyfismál fyrir þessa hátið. Þar má hugsa sér t.d. að fækka gestum og banna aðgang yngri en 18 ára að tónleikasvæðinu, styttu hátiðina og færa tónlistarflutning af innstu svæðum í dalnum (þ.e. Valbjarnarvelli). Það er erfitt að sætta sig við hve auðveldan aðgang unglingsar hafa að svæðinu og umfang áfengis- og fíkniefnaneyslu gesta einnig. Því viljum við hvetja borgarstjórn til að endurmetsa heimildir til hátiðarhaldanna með hliðsjón af þessum ábendingum.

Fyrir hönd stjórnar Íbúasamtaka Laugardals,

Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður.

Reykjavík

29. Júlí 2018

## Umsögn til Borgarráðs Reykjavíkur vegna Secret Solstice hátíðarinnar 2018

Helgina 21. Til 24. Júní fór Secret Solstice hátíðin fram í fimmta sinn í Laugardal. Með bréfi þessu vilja aðstandendur hátíðarinnar fara í stuttu máli yfir framkvæmdina, hvað fór vel og hvað má laga.

Hátíðin fór eins og áður segir fram í fimmta sinn, og í fimmta sinn fór hún fram án þess að upp kæmu alvarleg slys, árásir eða tilkynnt kynferðisbrot. Við erum mjög ánægð með það og vitum að sá árangur hefur ekki náðst fyrir slynsi. Frá upphafi hefur gríðarlega mikið verið lagt upp úr því að tryggja öryggi okkar gesta og hafa verið sett ný viðmið í öryggis og viðbragðsáætlunum við skipulag svona viðburða á Íslandi síðustu ár.

Eftir hátíðina 2017 settumst við niður og ræddum við ýmsa hagsmunaaðila og komumst að þeirri niðurstöðu að það sem helst þyrfti að laga væri þrif á hátíðarsvæðinu sjálfa og nærumhverfi þess og svo það ónæði sem hátíðin og hátíðargestir valda nágrönum hátíðarinnar.

Vandamálið við þrifin var leyst með því að semja um það við Reykjavíkurborg að sjá um þrif utan hátíðarsvæðis og næsta nágrenni þess á meðan þrif innan svæðis og nánasta umhverfi væri í höndum skipuleggjenda. Til að sjá um hátíðarþrif fengu hátíðarhaldarar til verksins breskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þrifum og endurvinnslu á mannmögum viðburðum. Vinna þeirra var óaðfinnanleg og svæðið sjálft og umhverfi þess var hreint á meðan hátíðinni stóð og eftir hana komu ekki upp nein tilvik þar sem kvartað hefur verið yfir umgengni á hátíðarsvæðinu og nærumhverfi þess. Þá var samið um það við löggreglu að hafa stöðuga viðveru löggregluþjóna á bifjhólum á þeim svæðum í hverfinu í kringum hátíðina þar sem kvartað var yfir umgengni hátíðargesta 2017, með sérstaka áherslu á skóla og leikskólalóðir. Af umræðu eftir hátíðina verður ekki annað ráðið en að þetta hafi gengið upp og tekist hafi að koma í veg fyrir þetta vandamál að eins miklu leyti og mögulegt er.

Mánuðina áður en hátíðin fór fram fundaði undirritaður með fjölmögum hagsmunaaðilum í hverfinu til að ræða það sem betur mætti fara í að laga það ónæði sem nágrannar verða fyrir vegna hátíðarinnar. Það voru haldnir tveir nágrannafundir á vegum hátíðarinnar sem auglýstir voru fyrir nágranna hennar. Þá voru haldnir fundir með starfsmönnum frístundamiðstöðva, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, fulltrúum leik og grunnskóla á svæðinu ásamt því sem fjölmargar ábendingar bárust beint til tónleikahaldara í gegnum tölvupóst og samfélagsmiðla.

Að þrifnaði undanskildum þá voru það helst áhyggjur vegna unglings og hugsanlegrar vímuefnaneyslu þeirra sem báru á góma. Undirritaður lagði á það áherslu að fá þá sem hann hitti og hafa beina tengingu við börn og foreldra þeirra að leggja á það áherslu að foreldrar væru vakandi fyrir því með hverjum börnin væru að fara á hátíðina. Það er 18 ára aldurstakmark á hátíðina og til þess að komast inn þurfa þeir sem yngri eru að fá fylgd með einhverjum sem er yfir tvítugur. Það er hins vegar því miður aldrei hægt að tryggja slíka aldurstakmörkun með öllu, eins og þekkt er í miðbæ Reykjavíkur sem dæmi.

Það var álit velflestra viðmælenda hátíðarhalda að það væri nauðsynlegt að loka Reykjavík og bílastæðinu við Laugardalsvöll á meðan hátíðin færí fram til þess að koma í veg fyrir að gestir kæmu þar saman til að skemmta sér áður en haldið væri inn á hátíðarsvæðið sjálft. Þeim ábendingum var komið áfram til Reykjavíkurborgar þegar afnotaleyfi hátíðarinnar var til umræðu, og það var ekki í fyrsta sinn

sem það var gert. Því miður var niðurstaðan enn of aftur sú að halda þessu svæði opnu og reyna aðrar leiðir. Þær leiðir voru áðurnefnd aukna löggæsla auk þess sem hátíðarháldarar í frábæru samstarfi við leikskóla í nágrenninu, létu börn í hverfinu útbúa skilti sem síðan voru sett upp í nærliggjandi götum þar sem gestir hátíðarinnar voru beðin um að bera virðingu fyrir nágrönum og skemmta sér ekki í götum hverfisins.

Eins og áður segir tókst vel til við að halda „djamminu“ úr götum hverfisins en eins og lesa má úr yfirlýsingum foreldrafélags Lauganes og Laugalækjarskóla sem voru á röltinu um hverfið á meðan hátíðinni stóð þá var mikið um það að fólk, þá sérstaklega unglingsar, væru að safnast saman á bílastæðinu við Laugardalsvöll, neyta áfengis og annars áður en haldið var inn á hátíðina sjálfa. Þetta er vandamál sem auðvelt er að leysa með því að loka götum í kringum hátíðina og hafa hátíðarháldarar lýst yfir fullum vilja til að aðstoða við allt það sem fylgir slíkum lokunum. Hvort sem það er gæsla eða það að útbúa og dreifa til íbúa hverfisins þössum til að komast hjá lokunum.

Skipuleggjendur Secret Solstice vilja leggja á það sérstaka áherslu að utan okkar hátíðarsvæðis höfum við engar valdheimildir til þess að taka á vandamálum sem tengjast t.d. unglingadrykkju eða öðrum ólátum sem voru eins og fyrri ár bundin við bílastæði Laugardalsvallar. Við erum alveg til í að axla ábyrgð upp að því marki sem við getum eitthvað gert til að takast á við vandamálið, en utan hátíðarsvæðis okkar þá liggur ábyrgðin einfaldlega ekki hjá hátíðarhöldurum.

Þá verðum við að víkja að ástandinu á því svæði sem við höfum til leigu. Þegar hátíðarháldarar fengu Valbjarnarvöll og þríhyrninginn svokallaða afhendingar var ástand vallanna alls ekki gott eftir erfiðan vetur og vætusamt sumar. Mikil rigning dagana fyrir hátíð og sérstaklega á meðan hátíðinni stóð hjálpaði svo heldur ekki til. Við höfum síðustu ár borið ábyrgð á því hvernig farið er um svæðið en við verðum að fara fram á að það verði tekið tillit til þess slælega ástands sem var á svæðinu áður en við fengum það afhent í ár.

Við viljum þakka öllum þeim aðilum Reykjavíkurborgar sem koma að því að hátíðin fari fram ár hvert. Það er margt sem má laga í öllu því ferli sem þarf frá því að hugmynd að hátíð fæðist og þangað til hún verður að veruleika. Við erum meira en tilbún til þess að deila því með borgaryfirvöldum hvað má bæta og hvernig á að fara að því.

Þá vilja hátíðarháldarar koma á framfæri sérstöku þakklæti til starfsmanna frístundamiðstöðvarinnar í Kringleyri sem veittu ómetanlega aðstoð við að sinna því unga fólk sem lenti í vandræðum á hátíðarsvæðinu.

Að lokum vilja skipuleggjendur benda á að öll umræða um það að hátíðin sé að stækka ár frá ári á ekki við rök að styðjast. Frá því að mest var 2016 hefur gestum fækkað ár frá ári. Í ár voru þegar mest var 14000 manns á svæðinu. Sú háværa gagnrýni sem mikið fer fyrir á netinu virðist vera bundin við líttinn hóp fólks sem kærir sig lítið um staðreyndir og málefnaalega umræðu heldur blammeringar í yfirlýsingastíl. Við skipuleggjendur fáum gríðarlega mikið magn af persónulegum skilaboðum frá nágrönum hátíðarinnar þar sem við erum hvött til dáða og þakkað fyrir að glæða hverfið lífið ár hvert.

Fyrir hönd Solstice Productions

Jón Bjarni Steinsson



Reykjavíkurborg  
Íþróttar- og tólmstundasvið

Reykjavík, 26. júní 2018  
2018010002  
3.5.6

Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

*Til minnis vegna tónleika í Laugardal 21. - 24. júní 2018*

Sviðsstjóri ÍTR sendi 25.júní 2018 eftirfarandi fyrirspurn til USK, SFS, Laugardalshallar, ÍBR, KSÍ, Laugardalslaugar, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, heilbrigðiseftirlitsins, Knattspyrnufélagsins Þróttar, Glímufélagins Ármanns, Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Grasagarðsins og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Foreldrafélögum Laugarnes og Laugalækjarskóla hefur einnig verið boðið að senda inn umsögn:

*Unnið er að samantekt athugasemda, ábendinga og skýrslna um tónleikana í Laugardal um liðna helgi. Ef þið eruð með einhverjar skýrslur eða ábendingar væri gott að fá þær til míni fyrir 30.júlí 2018. Þannig að hægt verði að fylla um málið í borgarkerfinu í byrjun ágúst. Það þarf ekki að senda umsagnirnar á allan þennan hóp, heldur einungis á omar.einarsson@reykjavik.is*

Því má gera ráð fyrir því að um miðjan ágústmánuð muni borgarráði verða gerð grein fyrir öllum þeim umsóknum sem borist hafa.

Ómar Einarsson.

Reykjavík 30.08.2018

## SAMANTEKT

### Secret Solstice 2018

21. – 24. júní 2018

### Skrifstofa reksturs og umhirðu (SRU) Umhverfis – og skipulagssvið (USK)

Skrifstofa reksturs og umhirðu (SRU) heyrir undir USK og fer með leyfisveitingar og útgáfu afnotaleyfis fyrir tímabundin afnot af borgarlandi svo og veghald. Auk þess að annast SRU hreinsun borgarlandsins.

Ferli leyfisveitinga og stjórnsýslumeðferðar þ.a.l. vegna tónleikahaldsins hefur verið nokkuð viðamikið verkefni m.t.t. að um einn viðburð er að ræða. Áður en afnotaleyfi er gefið út fer umsókn tónleikahaldara í umfjöllun innan USK auk þess að haldnir eru samráðsfundir s.s. með löggreglu, slökkviliði, strætó, bílastæðasjóði og öðrum þeim er leyfisveitingin getur varðað.

#### Leyfisveiting um afnot af borgarlandi (afnotaleyfi)

Í afnotaleyfi koma fram skilyrði fyrir afnotum af borgarlandi auk afstöðumynda af tónleikasvæðinu og sérstakrar teikningar „merkingu vinnusvæða“. Teikning af „merkingu vinnusvæða felur í sér, hvernig staðið er að umferðarflæði og vegmerkingum að og frá svæðinu og fyrirkomulagi göngu – og hjólastíga innan svæðis og er hluti afnotaleyfis. Samkvæmt tilmálum ríkislöggreglustjóra og Löggreglustjóra Höfuðborgarsvæðissins þá barf merking vinnusvæða að tiltaka svokallaðar „þungar lokanir“ á aðkomuleiðum þar sem mannfjöldi safnaðist saman. Ástæða þess eru þau hryðjuverk sem framin hafa verið erlendis með því að bifreiðum hefur verið ekið inn í mannfjölða. Á grundvelli þess setti SRU upp þungar lokanir þar sem það átti við í samráði við löggreglu. Annars vegar var um að ræða fastar lokanir (steinblokkir) og hins vegar hreyfanlegar lokanir (mannaðar bifreiðar). Við vinnu við umfjöllun og afgreiðslu afnotaleyfis hefur SRU/USK átt gott samráð við sviðstjóra ÍTR (Ómari Einarsson) m.t.t. samnings borgarinnar við tónleikahaldara.

#### Skilgreind svæðaskipting hreinsunar á vegum leigutaka/tónleikahaldara

Á sérstöku korti sem er fylgiskjal með afnotaleyfi er tiltekin verkskipting hreinsunar. Tónleikahaldari fer alfarið með hreinsun á svæði 1 (innra svæði). Utan skilgreinds svæðis 1 að ytri mörkum svæðis 2 sér Reykjavíkurborg alla hreinsun þ.e. svæði 2 (Ytra svæði) sem tekur bæði til gatnakerfis og opinna svæða í næsta nágrenni tónleikahalds á meðan tónleikar fara fram. Að loknu tónleikahaldi dag hvern skal leigutaki sjá til þess að grasvellir, tónleikasvæði, göngu – og hjólastígar og næsta nágrenni (svæði 1) verði full hreinsað auk reglubundinna og almennra þrifa. Í því felst m.a. sópun bílastæða, margskonar rusl og úrgangur fjarlægður auk óþrifa við og á mannvirkjum á svæðinu. Skal þetta gert í samstarfi við fulltrúa leigusala og Próttar. Lokaþrif að afloknum tónleikum skulu hafa farið fram eigi síðar en 27. júní og skal eftirlitsaðili frá USK/SRU taka út og samþykka gæði hreinsunarinnar.

Hreinsun skilgreindra svæða 1 og 2 er alfarið á kostnað leigutaka.

#### Ábendingar varðandi hreinsun borgarlands í nágrenni tónleikasvæðis

Byggt á samantekt Atla Marels deildarstjóra vestursvæðis hverfastöðva USK/SRU. Hreinsun var undirbúin líkt og 2017 þ.e. svæðinu var skipt upp í innra og ytra svæði. Innra svæði sá tónleikahaldari alfarið um að hreinsa og ytra svæði var verktaki á vegum borgarinnar. Tónleikahaldari, Reykjavíkurborg og hreinsunarverktaki sátu fund til að fara yfir skipulagið og allir voru sáttir við sitt hlutskipti. Töluverðar skemmdir voru á umhverfinu eftir viðburðinn og bar þar mest á grasskemmdum við æfingasvæði Próttar og umhverfi þar í kring. SRU sá um að lagfæra umhverfið utan girðinga en verktaki sá um svæðið innan girðinga fyrir hönd ÍTR. Ef hátiðin verður aftur 2019 þá er lagt til að úttekt á skemmdirum sé á höndum sama aðila og sama eigi við um viðgerðir þ.e. óháð því hvort um sé að ræða skemmdir utan eða innan girðinga. Svæðið sé allt undir og þar með ein úttekt.


**Til áréttigar af hálfu USK/SRU:**

USK hefur lagt á það áherslu að Laugardalurinn í Reykjavík hefur á sér ímynd fegurðar og friðsældar jafnhliða því að gegna mikilvægu hlutverki sem eitt aðal útvistarsvæði almennings og þess að vera hjarta íþróttstarfsemi í landinu. USK telur mikilvægt að vandað verði til við allar ákvarðanir um viðburðahald eða uppbyggingu Dalsins m.a. með vísan til framangreind.

1. Vegna umfangs og áhrifa viðburðarins á nærumhverfi (útitónleikahald við íbúðabyggð í 4 daga) þurfa allar áætlanir tónleikahaldara að liggja fyrir að hausti og aðrar ráðstafanir hljóta samþykki viðkomandi stofnana Reykjavíkurborgar. Um er að ræða m.a. áætlun um afmörkun – og skipulag svæðis, öryggisáætlun og hreinsunar - og umhirðuáætlun.
2. Ef hátíðin verður aftur 2019 þá er lagt til að úttekt á skemmdum verði í höndum sama aðila og sama eigi við um viðgerðir þ.e. óháð því hvort um sé að ræða skemmdir innan sem utan girðinga. Svæðið verði allt undir og þar með ein úttekt.
3. Áður en uppsetning afmarkaðs tónleikasvæðis hefst þarf að tryggja að merking vinnusvæðis verði til staðar þannig að öryggi gangandi og hjólandi vegfarendum stafi ekki hætta af.
4. Gera þarf frekari ráðstafanir (varnlegar) til að fyrirbyggja þær miklu skemmdir sem urðu á yfirborði grassvæða og borgarlandi vegna þungaflutninga á aðkomuleiðum tækja – og búnaðar inn á tónleikasvæðið.
5. Tryggja þar enn frekar að svæðinu verði skilað innan þeirra tímamarka sem sem sett eru í afnotaleyfi og þar með að allur búnaður og tæki hafi verið fjarlægð.

Lögð er áhersla á að framangreindum atriðum verði fylgt eftir m.t.t. áframhaldandi leyfisveitinga USK/SRU fyrir tónleikahaldi Secret Solstice.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Vignir Óskarsson  
verkefnastjóri leyfisveitinga borgarlands



## Secret Solstice – Kortlagning hreinsunar

21. – 24. júní 2018

### Skilgreind svæðaskipting hreinsunar á vegum leigutaka/tónleikahaldara

#### Svæði 1: Innra svæði tónleikahalds (rautt)

Tónleikahaldarar sjá alfarið um framkvæmd hreinsunar svæðis.

#### Svæði 2: Ytra svæði á borgarlandi í nágrenni tónleikahalds (gult)

Utan skilgreindis svæðis 1 að mörkum svæðis 2 mun Reykjavíkurborg alfarið annast hreinsun svæðis 2 sem tekur þæði til gatnakerfis og opinna svæða í næsta nágrenni tónleikahalds á meðan tónleikar fara fram.

Hreinsun skilgreindra svæða 1 og 2 er alfarið á kostnað leigutaka.

Að loknu tónleikahaldi dag hvern skal leigutaki sjá til þess að grasvellir, tónleikasvæðið, göngustigar og næsta nágrenni (svæði 1) verði full hreinsuð auk reglubundinna og almennra þrifa. Í því felst m.a. sópun bílastæða, margskonar rusl, úrgangur auk óþrifa við og á mannvirkjum á svæðinu. Skal þetta gert í samstarfi við fulltrúa leigusala og Próttar.

Lokaþrif að afloknum tónleikum skulu hafa farið fram eigi síðar en 27. júní og skal eftirlitsaðili frá USK/SRU taka út og samþykka gæði hreinsunarnar.





## Afnotaleyfi

**Staðsetning/heiti framkvæmdar:** Secret Solstice 2018 –Tónlistarhátíð Laugardal

Flokkur 3. Uppákomur og viðburðir

Undirflokkur a) Lokaðir og/eða umferðatakmarkanir - Landafnot eða stöðuheimildir sem krefjast lokunar eða ef gönguleið sem eftir stendur er minni en 1.5.m og ef lögmætt öryggissvæði er skert.

Tegund Tónleikar

### Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar veitir leyfishafa tímabundið og takmarkað leyfi til afnota af borgarlandi til að/fyrir:

tónlistarhátíðina Secret Solstice sem haldin er í Laugardalnum dagana 21-24 júní 2018. Svæði tónlistarhátíðarinnar afmarkast af Valbjarnarvelli, hinum svokallaða þríhyrning sem liggur að Skautahöllinni í Laugardal, að Grasagarði og Sundlaugunum. Fylgiskjöl með afnotaleyfi þessu skilgreina afmörkun svæðis, gatna - og göngustíga og gatnalokana auk þess að upplýsa um hátíðarsvæðið sjálft, skipulag og fyrirkomulag. Hátíðarsvæðið verður afmarkað og afgirt með vinnusvæðagirðingum.

**Leyfishafi:** Solstice Productions ehf

**Sími:** 8211111

**Kennitala:** 440299-2969

**Netfang:** info@secretssolstice.is

**Ábyrgðarmaður:**

F.h. Leyfishafa Jón Bjarni Steinsson

**Sími:** 8211111

**Kennitala:** 2004815939

**Netfang:** jonb@secretssolstice.is

**Tengiliður:**

**Sími:**

**Netfang:** Netfang tengiliðs

Aðrir þættir: Leyfishafi skal tryggja að góð kynning eigi sér stað á viðburðinum til borgarbúa, íbúa nágrennis og annarra vegfarenda s.s. í fjöldum, fréttatilkynningum, dreifimiðum þar sem íbúar í nærumhverfi verða fyrir mestu ónæði. Sama á við gagnvart rekstraraðilum sem hagsmuna hafa að gæta m.t.t. gatnalokana og ónæðis af viðburðinum.

*Leyfið er útgefið samanber lýsingu, afstöðumynda/korta og annarra samskipta sem vísað er í í fylgiskjólum. Forráðamenn húsa og nágrannar við framkvæmdasvæði hafa verið upplýstir um afnotaleyfi þetta og gera ekki við það athugasemdir. Við útgáfu þessa leyfis hefur leyfishafi skuldbundið sig til að uppfylla meðfylgjandi skilmála.*

Ávalt skal tryggja aðgengi sorphirðu á þeim svæðum sem afnotahemildin nær yfir.

**Gildistími:** 21.-24.06. 2018. Upps. og frág. miðast við dagana 11 - 28.06. n.k. (sjá tímal. frkv).

*Ef fyrirséð er að ekki náist að ljúka framkvæmd á tilskildum tíma  
ber leyfishafa að sækja tímalega um framlengingu.*


**F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar**

Guðmundur Vignir Óskarsson  
Skrifstofa reksturs og umhirðu


Afnotaleyfi þetta ásamt fylgiskjólum skal ávallt vera á verkstað

## Fylgiskjöl


Kort 1 -Yfirlitsmynd af skipulagi tónleikasvæðis Secret Solstice 2018:



## Kort 2-Yfirlitsmynd af lokun gatna og göngustíga tónleikasvæði/borgarland:



## Kort 3-Yfirlitsmynd af lokun göngustíga tónleikasvæði/borgarland:



## Kort 4 - Tímalína framkvæmdar tónleikahalds:

2018 PROVISIONAL SCHEDULE		SECRET SOLSTICE 2018 PROVISIONAL SITE SCHEDULE   OVERVIEW																				Total Work Days	
KEY	Blue = Work day Yellow = SHOW Work Day	INITIAL BUILD PHASE					SECONDARY BUILD PHASE					EVENT					Depart					Total Work Days	
		FRI	SAT	SUN	MON	TUES	WED	THU	FRI	SAT	SUN	MON	TUES	WED	THU	FRI	SAT	SUN	MON	TUES	WED	THU	
Department		8th	9th	10th	11th	12th	13th	14th	15th	16th	17th	18th	19th	20th	21st	22nd	23rd	24th	25th	26th	27th	28th	29th
Site Crew															S	H	O	W					22
INFRASTRUCTURE															S	H	O	W					22
Marquees / Structures				Arrive											S	H	O	W		Depart			17
Power				Arrive											S	H	O	W		Depart			17
Staging										Arrive					S	H	O	W	Depart				7
Creative										Arrive					S	H	O	W		Depart			15
PA / Lighting											Arrive				S	H	O	W	Depart				5

Afnotaleyfi þetta ásamt fylgiskjölum skal ávallt vera á verkstað

Kort 4 - Kort\_Skilgreining af hreinsun og verkskiptingu tónleikasvæðis og nærumhverfis:



#### Secret Solstice – Kortlagning hreinsunar

21. – 24. júní 2018

##### Skilgreind svæðaskipting hreinsunar á vegum leigutaka/tónleikaholdara

Svæði 1: Innra svæði tónleikahalds (rauðt)

Tónleikaholderar sjá sér um framkvæmd hreinsunar svæðis.

Svæði 2: Ytra svæði á borgarlandi í nágrenni tónleikahalds (gult)

Útan skilgreind svæðis 1 að mörkum svæðis 2 mun Reykjavíkurborg alltaf annast hreinsun svæðis 2 sem teknir hefur til gatnakerfin og opnaða svæði í næsta nágrenni tónleikahalds á meðan röldedur fara frá.

Hreinsun skilgreindra svæða 1 og 2 er alfað á kostnað leigutaka.

Að loknu tónleikahalds dag hvern skal leigutaki sjá til bess að provellir, tónleikasvæðið, göngustigar og næsta nágrenni (svæði 1) verði full hreinsud auk reglubundinna og símennta þrits. Í því felst maður séðun bilastæða, margskorar ruslungsangur auk óþrita við og á mannvirkjum á svæðinu. Skal þetta gert í samstarfi við fulltrúa leigusalo og Próttar.

Lokaprif að afloknum tónleikum skulu hafa farið fram eigi síðar en 27. júní og skal eftirlitsaði frá USK/SRU teki út og semþykja gildi hreinsuninnar.



Skilmálar:

Merkingar skulu vera í samræmi við gildandi umferðarlög og reglugerðir, merkingar skulu uppfylla kröfur um "Merkingar vinnusvæða", nýjustu útgáfu, útgefin af Vegagerðinni og Reykjavíkurborg, sjá nánar heimasíðu Reykjavíkurborgar. <http://www.reykjavik.is/vinnustadamerkingar>. Að öðru leyti ber leyfishafa að afla annarra tilskilinna leyfa sem varðað geta umsókn hans og leyfisveitingu lögum samkvæmt.

Ábyrgðaraðili tryggir að gangandi vegfarendum stafi ekki hætta af framkvæmdum með því að afmarka gönguleið framhjá framkvæmdastað og fyllsta öryggis verði gætt meðan á framkvæmdum stendur. Tafir á umferð skal haldið í lágmarki og framkvæmdum ljúki á tilsettum tíma.

Leyfishafi er ábyrgur fyrir öllum hugsanlegum skaða sem framkvæmdin kann að valda, gildir þá einu hvort um er að ræða skaða á borgarlandi, mannvirkjum borgarinnar eða gagnvart þriðja aðila.

Farið er í hvívetna fram á hirðusemi og góða umgengni.

Leyfishafi skal hafa umsjón með svæðinu og nánasta umhverfi þess á afnotatímanum og annast þar m.a. þrifnað, slátt, hálkuvarnir og önnur hlutverk landeiganda.

Tæki og búnaður sem leka olíu eru með öllu bönnuð á svæðinu. Tryggja ber jöfnum höndum að frá vinnusvæði dreifist hvorki rusl eða annað á gangstéttir, götur eða opin svæði í hverfinu. Hreinsa ber svæðið undir og við vinnubúðir reglulega og allt nánasta umhverfi eftir atvikum. Leyfishafi skal tryggja að svo verði með reglubundnu eftirlit. Verði um vanhöld þar á áskilur leyfisgjafi sér rétt til hreinsunar á kostnað leyfishafa.

USK áskilur sér fullan og ótakmarkaðan rétt til þess að, framkvæma vettvangskönnun á umhverfi framkvæmdar hvenær sem er á framkvæmdatíma. Ef ástand vinnusvæðis verður óviðunandi að mati eftirlitsmanna USK eða kvartanir berast frá nágrönum skal fulltrúi leyfishafa þegar boðaður til fundar um úrbættur. Sýnist lögreglu eða landeiganda/veghaldara að um vanmerkingar verði að ræða eða að leyfishafi hafi ekki staðið að framkvæmdum sem skyldi, geta þeir krafist tafarlausra úrbóta eða látið framkvæma úrbætur á kostnað leyfishafa.

Komi fram alvarlegar athugasemdir eða meinbugir á því hvernig leyfi þetta er beitt áskilur Reykjavíkurborg sér fullann og ótakmarkaðan rétt til að fella leyfi þetta úr gildi án frekari fyrirvara.

Tilkynna ber USK um verklok og óska eftir úttekt á gæðum og frágangi eigi síðar en á lokadegi þessa leyfis.

Að verktíma loknum skal leyfishafi flytja allan aðfluttan búnað burtu og óska eftir endurgerð á landi og mannvirkjum. Gera skal við allar skemmdir á grasi, götum og stígum í nánasta umhverfi, sem framkvæmdin kann að valda, þurfi að lagfæra yfirborð, malbik, steypu, hellulögn eða gróið svæði skal slíkt unnið af starfsmönnum Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar nema samkomulag sé gert um annað. Allur kostnaður við verkið greiðist af leyfishafa.



**Reglugbundið eftirlit**  
Málsnúmer: 2018060261  
Búið til: 20.06.2018  
Eigandi skjals: Helgi Guðjónsson

#### Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	20.06.2018	Tími ferðar:	10:00 - 11:15
Fulltrúi HER:	Helgi Guðjónsson/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	Sesselja María Sveinsdóttir/I
Tilefni ferðar:	Reglugbundið eftirlit		
Fyrirtækjaflokkur:	00.1 Útihátiðir, Óflokkar		

#### Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:	Kennitala leyfishafa:	440299-2969
Heiti leyfishafa:	Staður leyfishafa:	
Hvert eftirlitsferð var farin:	Staða reiknings:	Reikningsfært
	Númer reiknings:	18060181

#### Athugasemdir

##### Skýringar á hugtökum:

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis.

## Lokaskýrsla umhverfiseftirlits v. eftirlits á Secret Solstice 21-25. júní 2018

Dagana 20.-23. júní 2018 komu fulltrúar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, umhverfiseftirlit í eftirlitsferðir á tónlistahátíðina Secret solstice sem fram fór í Laugardal. Í þessum ferðum var haft eftirlit með úrgangsmálum, umgengni, hreinlæti og þrifum, salernismálum, húðflúri og hávaðamálum út frá hollustuháttu og mengunarvarnasjónarmiðum og í samræmi við sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir hátiðina.

Viðhorf starfsmanna á hátiðinni gagnvart störfum heilbrigðisfulltrúa var gott og samstarf gekk prýðilega.

### Úrgangur, almenn þrif, tiltekt og umgengni á svæðinu:

Almennt virtust þessir þættir í sæmilegu lagi á hátiðinni. Við eftirlit var aldrei gengið fram á yfirfullar sorptunnur á hátiðarsvæðinu. Rusl var þó nokkuð áberandi í lok dags þann 21. júní. Stubbahús voru ekki til staðar á hátiðarsvæðinu. Heilbrigðiseftirlitinu hafa borist nokkrar kvartanir vegna umgengni frá íbúum í nágrenni við hátiðarsvæðið, m.a. um átroðning í görðum, rusl í görðum og á götum. Vegna mikilla rigninga þá var gras mjög viðkvæmt og mynduðust bæði pollar og forarpyttir.

- Hvað má betur fara:
- Stubbahús þurfa að vera til staðar á fleiri svæðum en bara á VIP svæðinu.
- Bregðast þarf fyrir við til að minnka myndun á forarpyttum t.d. með því að takmarka umferð, með mottum eða bera sand á svæðið.

### **Salernismál:**

Færðanlegar salerniseiningar voru víða um svæðið og varð ekki betur séð en að fjöldi þeirra væri almennt nægur miðað við fjölda hátiðargesta. Sápa/gerileyðir voru til staðar á stórum hluta salerniseininga en einnota handþurrkur voru hvergi til staðar. Almennt virtust þrif á þessum einingum í lagi og yfirleitt nægur salernispappír til staðar þó stöku undantekningar væru á því. Aðgengi fatlaðra var almennt ágætt að salernum.

### **Húðflúr:**

Komið var í eftirlit 21. júní og var aðstaða fullnægjandi með rennandi vatni í handlaug og aðskilnaði áhorfenda frá vinnurými. Skoðuð var vinnuaðstaða sem var uppsett og í notkun. Fullnægjandi. Nálabox hafði vantaði en forráðamaður sagði að það hefði gleymst og að það yrði lagað fyrir næsta dag.

Einnig var litið á tjald 23. júní áður en svæði opnaði. Húðflúrarar voru ekki á staðnum og tjald var lokað. Í gegnum glugga sást að sorp var í sorptunnum við vinnustöðvar húðflúrara og að nálabox var inni í tjaldi. Annað nálabox stóð út úr tjaldi hjá handlaug svo aðgengi almennings væri greitt að því ef svæðið væri opið. **Frávik.** Samkvæmt starfsleyfisskilyrðum sem voru gefin út fyrir reksturinn átti að geyma sóttmengað sorp annarsstaðar á meðan húðflúrari væri ekki að störfum..

### **Hávaði og hljóðmælingar:**

Allar hljóðmælingar á tónleikum voru innan marka hávaðareglugerðar nema ein sem var tekin í Fenrir. Rætt var við hljóðmann tjaldsins og lækkaði hann hljóðstigið strax. Að öðru leyti virðist hávaði hafa verið innan marka á hátiðinni og voru samskipti við Egil Tómasson sem var umsjónarmaður tónleika góð. Þrátt fyrir að hljóðstig hafi verið innan marka þá bárust Heilbrigðiseftirlitinu nokkrar kvartanir vegna ónædis frá tónleikum á hátiðarsvæðinu. Athuga þarf að þó að hávaði fari ekki yfir leyfileg mörk á hátiðasvæðinu er ekki þar með sagt að nágrannar verði ekki fyrir ónæði eða að hávaði innandyra eða við húsvegg í nálægri íbúðabyggð fari ekki yfir leyfileg mörk. Í þessu sambandi er rétt að benda á að mörk fyrir hávaða á tónleikum eru sett til að vernda heilsu tónleikagesta fyrir heyrnarskaða og öðrum heilsuspíllandi áhrifum hávaða en mörk sem sett eru vegna hávaða frá atvinnustarfsemi yfir í íbúðabyggð eru til að tryggja að nálægir íbúar verði ekki fyrir ónæði vegna hávaða.

### **Hvað má fara betur**

- Minnt er á að ávalllt þarf fylgja ákvæðum í hávaðareglugerð
- Ganga þarf úr skugga um að á hljóðmenn á öllum sviðum hafi aðgengi að hljóðmæli til að stilla af hljóðstig.

## Hljóðmælingar:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði hljóðmælingar á tónleikahátiðinni Secret Solstice sem var haldin dagana 21-25. júní 2018. Niðurstöður þeirra mælinga eru útlistaðar í eftifarandi skýrslu. Mælt var við öll svið hátiðarinnar.

### Aðferðir:

Stuðst var við leiðbeiningar sánska umhverfiseftirlitsins „*SP-INFO 2004:45 (rev. 2014): Mätning av höga ljudtrycksnivåer – Mätmetod för diskotek, konserter och andra arrangemang med publik, Del 1: Operativ tillsyn*“ eins og unnt var.

Eftifarandi mælieiningar voru notaðar við mælingarnar:

- LAeq,ARR er jafngildishljóðstig með A-síu yfir stakan viðburð þar sem fólk er staðbundið.
- LAeq,15 er jafngildishljóðstig með A-síu yfir 15 mínútur
- LAfmax er hæsta hljóðbil, Fast (125 ms), með A-síu.
- LCpeak er hæsti hljóðtoppur með C-síu

Á samkomum eins og útíhátiðum þar sem mörg atriði geta verið á mismunandi stöðum telst hvert atriði eða hver hljómsveit vera einn viðburður.

### Uppsetning mælis (B&K 2250):

Fyrir mælingu var mælirinn kvarðaður inni í bíl til að forðast hljóðmengun og var það gert með B&K 4321 kvarðara samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Þegar mælt var utandyra var notast við stormkúlu (B&K UA-1650) á hljóðnema og var leiðrétt fyrir henni í mælingum þegar hún var notuð. Hljóðnemi var settur á þrífót í u.p.b. 1,5 metra hæð. Gætt var þess að hljóðnemi væri ekki nær vegg en 0,5m til að koma í veg fyrir skekkju vegna endurkasts. Mæling var ávallt gerð við hljóðblöndun (mixer).

Mælingarnar voru bornar saman við mörk fyrir hávaða á samkomum sbr. töflu 5 í reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Tafla V. Mörk fyrir hávaða á samkomum.	Jafngildishljóðstig	Hámarkshljóðstig	Hæsti hljóðtoppur
Samkomustaðir, útiskemmtanir og aðrir staðir þar sem fólk dvelur í skamman tíma	95 dB(A)	110 dB(A)	130 dB(C)
Samkomur sérstaklega ætlaðar börnum	90 dB(A)	105 dB(A)	125 dB(C)
Einstakir og sérstaklega hávaðasamir viðburðir á stöðum sem eru sérstaklega ætlaðir til tónleikahalds skv. sérstakri heimild í starfsleyfi	102 dB(A)	115 dB(A)	140 dB(C)

### Niðurstöður:

Niðurstöður eru flokkaðar niður eftir tónleikastað, tjöldum, og Laugardalshöll.

### Valhöll

Gerð var hljóðmæling á tónleikum Bonnie Tyler þann 21. júní. Atriðið var mælt í heild sinni.

Notuð var vindhlíf (UA 1650).

Niðurstöður hljóðmælingar:

Valhöll		Mælt gildi	
	LaeqAR R	93	dB
	LAFmax	110	dB
	LCpeak	128	dB

Mælitími: 00:59:34

Niðurstöður innan marka.

### Hel

Gerð var hljóðmæling á tónleikum Charlotte de Witte þann 21. júní.

Niðurstöður hljóðmælingar:

Hel		Mælt gildi	
	LaeqAR R	94	dB
	LAFmax	100	dB
	LCpeak	125	dB

Mælitími: 00:15:32

Niðurstöður innan marka.

### Gimli

Gerð var hljóðmæling á hljóðprufu Fox Train Safari þann 22. júní. Notuð var vindhlíf (UA 1650).

Niðurstöður hljóðmælingar:

Gimli		Mælt gildi	
	LaeqAR R	92	dB
	LAFmax	101	dB
	LCpeak	129	dB

Mælitími: 00:06:37

Niðurstöður innan marka.

### Fenrir

Gerð var hljóðmæling á tónleikum Casio Fatso þann 22. júní. Notuð var vindhlíf (UA 1650).

Niðurstöður hljóðmælingar:

Fenrir		Mælt gildi		
	LaeqAR R	99	dB	Yfir mörkum
	LAFma x	109	dB	
	LCpeak	128	dB	

Mælitími: 00:12:10

Jafngildishljóðstig var utan marka. Rætt var við hljóðmann og lækkaði hann strax hljóðstigið á meðan mælingu stóð. Ekki gafst tækifæri að mæla aftur.

Askur

Gerð var hljóðmæling á hljóðprufu þann 22. júní. Notuð var vindhlíf (UA 1650).

Niðurstöður hljóðmælingar:

Askur		Mælt gildi	
	LaeqAR R	87	dB
	LAFma x	98	dB
	LCpeak	122	dB

Mælitími: 00:03:04

Niðurstöður voru innan marka.

Kröfur



## Reglubundið eftirlit

Málsnúmer: 2018040035

Búið til: 26.06.2018

Eigandi skjals: Sesselja María Sveinsdóttir

### Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	20.06.2018	Tími ferðar:	
Fulltrúi HER:	Sesselja María Sveinsdóttir/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	Helgi Guðjónsson/BV/RVK/IS
Tilefni ferðar: Fyrirtækjaflokkur:	Reglubundið eftirlit 00.1 Útihátiðir, Óflokkað		

### Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	440299-2969
Heiti leyfishafa:	Secret Solstice 2018	Staður leyfishafa:	
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	

### Athugasemdir

#### Skýringar á hugtökum:

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kom í eftirlit þann 20. júní vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir tónlistarhátiðina Secret Solstice í Laugardal og þá farið yfir allt svæðið í heild sinni. Einnig var mætt í eftirlit dagana 21. og 22. júní og þá bæði í eftirlit með söluvásnum, matsöluvögnum og svæðinu í heild. Sérstök starfsleyfisskilyrði voru útbúin fyrir Secret Solstice 2018 og voru þau send í tölvupósti.

#### Eftirlit 20.6.2018

Farið var yfir allt svæðið og aðstaða skoðuð sérstaklega fyrir þá sem vinna í matsöluvögnum og söluvásnum með matvæli. Viðstödd eftirlit var Linda.

#### Laugardalshöll - Kjallari

Hér er aðstaða sem, þeir sem vinna með matvæli í söluvásnum og matarvögnum, geta nýtt sér. Handlaug er óhrein. Frávik.

Handfrjáls búnaður til staðar en óvirkur. Frávik

Sápa og pappír til staðar í veggfostum skömmturum.

Gerileyðir vantar í veggfastan skammtara. Frávik

Uppþvottavél er til staðar og vaskar.

Ræstivaskur er til staðar

Ein snyrtung fyrir starfsfólk í matsöluvögnum og söluvásnum með matvæli.

Snyrtungin er merkt.

Læsanlegir skápar alls 8 stk.

#### Skautahöllin

Ein snyrtung til staðar fyrir starfsfólk í matarvögnum og söluvásnum með matvæli.

Snyting er merkt.  
Margir læsanlegir skápar (munaskápar) til staðar.

### Ármannsheimili

Ein snyting er til staðar fyrir starfsfólk í matarvögnum og söluþásum með matvæli. Aðstaða fyrir starfsmenn til að borða. Matur er keyptur af Lauga-ás og er hitaborð til staðar fyrir heitan mat. Secret Solstice kaupir matinn en Lauga-ás sér um framreiðslu. Lauga-ás þarf að sækja um tímabundið starfsleyfi fyrir starfsemi. Matur verður framreiddur kl. 12.00-13.30 og 18.00-19.30.

### Eftirlit 21.6.2018

Matsöluvagnar og söluþáar eru staðsettir á tveimur svæðum, Miðgarði og Ásgarði. Barir eru einnig staðsettir á þessum tveimur svæðum en Secret Solstice ber ábyrgð á þeim. Athugasemdir eru gerðar við kæligeymslur matvæla, kælipláss er of lítið í sumum tilfellum. Bjór og drykkir komnir í kælingu í stórum kæligáum, en kæligeymslur fyrir matvæli ekki tilbúnar. Frávik. Að mati heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þá var kæliaðstaða fyrir matsöluvagna og bása ófullnægjandi. Úr þessu skal bætt fyrir næsta ár ef hátíðin verður haldin. Sum fyrirtæki voru mætt með kælivörur en höfðu ekki pláss til að geyma þær í.

Farið var inn á barina til að skoða aðstæður.

Eftirlit var framkvæmt fyrir eftirfarandi fyrirtæki á staðnum:

- Prikið
- RVK chips
- Salmon Vagon
- Bæjarins bestu

### Eftirlit 22.6.2018

Heilbrigðiseftirlitið fór í eftirlit á barina. Gerð var athugasemd á einum þeirra þar sem drykkir voru geymdir í grasinu. Matvæli og umbúðir þeirra eiga ekki að snerta gólf/jörð.

Nota skal palla/hillur/bretti undir matvæli.

Eftirlit var framkvæmt fyrir eftirfarandi fyrirtæki á staðnum:

- Hamborgarabúlla Tómasar
- Taqueria La Poblana
- Rabbar Barinn minn
- Gastro Truck
- Kúbalubra
- Wingman
- Joe & the Juice

Eftirlitsskýrslur matsöluvagna og söluþáa verða sendar sér.

Kröfur

Til upplýsinga um færðanlega matvælastarfsemi á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit.

Reykjavíkur:

<https://reykjavik.is/faeranleg-matvaelasstarfsemi>

Almenn skilyrði fyrir færðanlega matvælastarfsemi aðra en matsöluvagna í Reykjavík:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/almenn\\_skilyrdi\\_fyrir\\_faeranlega\\_matvaelas\\_starfsemi\\_adra\\_en\\_matsoluvagna\\_i\\_reykjavik\\_13.10.2017.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/almenn_skilyrdi_fyrir_faeranlega_matvaelas_starfsemi_adra_en_matsoluvagna_i_reykjavik_13.10.2017.pdf)

Almenn skilyrði fyrir rekstri matsöluvagna í Reykjavík:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/almenn\\_skilyrdi\\_fyrir\\_rekstri\\_matsoluvagna\\_i\\_reykjavik\\_13.10.2017.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/almenn_skilyrdi_fyrir_rekstri_matsoluvagna_i_reykjavik_13.10.2017.pdf)

Almenn skilyrði fyrir rekstri sölubása með matvæli í Reykjavík  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/almenn\\_skilyrði\\_fyrir\\_rekstri\\_solubasa\\_med\\_matvaeli\\_i\\_reykjavik\\_13.10.2017.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/almenn_skilyrði_fyrir_rekstri_solubasa_med_matvaeli_i_reykjavik_13.10.2017.pdf)